

Vinsælustu vörumerkin
 Karlar hrifnir af Guinness



Boeing 787 Dreamliner
 Flugferðir með glænýju sniði



Fyrirtækjaráðgjöf Landsbankans
 Ur íslenskum banka í alþjóðlegan



EIGN ÍSLENDINGA ERLENDIS Magazin du Nord er í eigu Baugs og því dæmi um eign Íslendinga erlendis. Slíkar eignir nálgast nú þúsund milljarða heildarvirði.

Nálgast þúsund milljarða

Bein fjármunaeign Íslendinga erlendis nam 952,1 milljarði króna undir lok síðasta árs, eða sem nemur rúmlega áttatíu prósentum landsframleiðslu, samkvæmt nýbirtum tölum Seðlabanka Íslands.

Bein erlend fjárfesting nam 335,3 milljörðum árið 2006 og dróst saman um fjórðung frá árinu 2005, sem var metár í fjárfestingum Íslendinga erlendis.

Innlend fjárfesting útlendinga hér á landi nam 271,8 milljörðum króna á árinu og jókst um fjörtíu prósent frá fyrra ári. Fjárfestingar erlendis frá hafa aldrei verið meiri, en tæplega sextíu prósent eru til kominn vegna fjárfestinga í fjármálaþjónustu.

Íslendingar fjárfesta mest í Belgíu og Lúxemborg. En alls námu fjárfestingar þar 82,5 milljörðum eða tæpum fjórðungi af heildinni. Þá eiga Íslendingar rúma 57 milljarða króna í Danmörku og tæpa 38 í Noregi. -jsk

FRÉTTIR VIKUNNAR

Eik skráður | Hinn færæyski Eik banki var í síðustu viku frumskráður í kauphallirnar á Íslandi og í Danmörku. Eik banki er annar færæyski bankinn sem skráður er í Kauphöll Íslands, á eftir Føroya banka.

Minni verðbólga | Vísitala neysluverðs hækkaði um 0,22 prósent í júlí. Verðbólga mældist 3,8 prósent og fór í fyrsta sinn undir fjögurra prósentu viðmiðunarmark Seðlabankans.

Alcan keypt | Ástralska námu-fyrirtækið Rio Tinto hefur gert kauptilboð í Alcan, sem á álverði í Straumsvík, sem miðar við 101 Bandaríkjadal á hlut. Stjórn Alcan mælir með tilboðinu.



Til Danmerkur | Magnús Kristinsson hefur keypt áttatíu prósentu hlut í fjölskyldufyrirtækinu Krogsgaard-Jensen, stærsta söluaðila Toyota í Danmörku. Magnús er eigandi Toyota á Íslandi.

Aukinn hagnaður | Rekstrarhagnaður fyrirtækja jókst milli árána 2004 og 2005 samkvæmt nýútkominni skýrslu Hagstofu Íslands. Í yfirlitinu eru fyrirtæki í öllum atvinnurekstri.

Til Tékklands | Bakkavör hefur keypt 51 prósent hlut í tékkneska matvælafyrirtækinu Heli Food Fresh. Bakkavör skuldbindur sig til að kaupa eftirstandandi hluti í fyrirtækinu í apríl árið 2010.

Hekla Energy | Hekla Energy GmbH heitir nýtt dótturfyrirtæki Jarðborana. Höfuðstöðvar þess verða í Celle í Neðra-Saxlandi en verkefni fyrirtækisins verða borframkvæmdir í Þýskalandi.

Múrinn rofinn | Meira en níutíu prósent hluthafa í Actavis hafa samþykkt yfirtökutilboð Novators. Novator hefur því náð því marki að geta krafid eftirstandandi hluthafa um að selja.

SPRON verður hlutfélag skráð í kauphöll

Verðmæti SPRON er 60 milljarðar króna samkvæmt mati Capacent. 85 prósent eiga að verða í eigu stofnfjáreigenda, en 15 milljarðar í eigu sjálfseignarstofnunar.

Óli Kristján Ármannsson
 skrifar

Stefnt er að hlutafélagavæðingu Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis (SPRON) og skráningu í Kauphöllina fyrir lok septembermánaðar. Að beiðni stjórnar SPRON hefur Capacent lokið mati á verðmæti sjóðsins. Undir lok næsta mánaðar verður leitað samþykkis stofnfjáreigenda eftir löglega auglýstan fund.

Að sögn Guðmundar Haukssonar, sparisjóðs-stjóra SPRON, gerir áætlun ráð fyrir að 85 prósent sjóðsins verði í eigu stofnfjáreigendanna, en 15 prósentin sem eftir standa, sem svara til níu milljarða króna, renni inn í sjálfseignarstofnun sem heimild hafi til að láta fjármuni renna til menningar- og líknarmála á starfssvæði sjóðsins. „Með þessu yrði til einn stærsti sjálfseignarsjóður sinnar tegundar,“ segir Guðmundur.

Hlutur stofnfjáreigenda næmi því 51 milljarði króna og heildarverðmæti SPRON metið á 60 milljarða króna. Guðmundur segir ekki hafa verið tekna ákvörðun um hvort farið verði í hlutafjárakningu samhliða skráningu sjóðsins í kauphöll.

Guðmundur telur breytt rekstrarform í raun forsendu þess að sparisjóðurinn fái tekið þátt í samkeppni við banka. Sem hlutafélag geti SPRON farið fram á mat alþjóðlegra matsfyrirtækja á láns hæfi

sínu og þar með fengið betri kjör á bankamarkaði með lánsfé. Þá geti hann eftir breytinguna stækkað með samruna við önnur fjármálafyrirtæki, en sú leið sé nú ófær. „Rétt er hins vegar að taka fram að um slíkt eru engin áform núna,“ segir hann.

Guðmundur segir að þótt SPRON hafi vegnað vel á undanförunum árum og stofnfjármarkaður sparisjóðsins hafi skilað honum umtalsverðum verðmætum þá telji stjórn sjóðsins að öll lagaumgjörð hlutafélaga sé skýrari og að fyrir fjárfesta sem setji peninga í SPRON sé æskilegra að fjárfesta í hlutabréfum fremur en í annarri tegund verðbréfa. Stofnfjármarkaður fyrir stofnfjárbréf SPRON var stofnaður árið 2004. „Sá markaður hefur gengið býsna vel, stofnfjáreigendur eru um 1.350 talsins og hefur fjölgað talsvert að undanförunum.“

Breytt rekstrarform segir Guðmundur um leið að hafi engin áhrif á stefnu sjóðsins sem eftir sem áður leggi áherslu á að rækta sambandið við viðskiptavinina sína og á að sjóðurinn sé góður vinnustaður. „Þessi breyting er formbreyting, ekki stefnubreyting.“ Þá segir Guðmundur að breytt rekstrarform breyti engu um það samstarf sem SPRON eigi í við aðra sparisjóði. SPRON verði áfram aðili að Sambandi sparisjóða sem séu hagsmunasamtök og taki þátt í fræðslustarfi, en standi eftir sem áður fyrir utan samstarf sjóðanna um markaðsmál.

Sjá einnig fréttaskýringu á síðu 6

Einungis 255 þúsund skiluðu sér

Alls hafa verið innleystar 255 þúsund krónur í tíu, fimmtíu og hundrað króna seðlum í bönkum og sparisjóðum landsins. Seðlarnir voru innkallaðir með reglugerð Seðlabankans frá árinu 2005. Frestur til að innleysa seðlana í bönkum og sparisjóðum rann út 1. júní síðastliðinn en hægt verður að framvísa þeim í Seðlabankanum í minnst eitt ár til viðbótar. Enn eru því 118,3 milljónir króna í umferð af þessum seðlum, þar af langmest af gömlu hundrað króna seðlum, eða um 95,4 milljónir króna.

Tryggvi Pálsson, framkvæmdastjóri fjármálasviðs Seðlabankans, segir bankann í meginatriðum

hafa unnið að tveimur verkefnum undanfarin ár. Öryggi þeirra seðla sem eftir standa; fimm hundruð krónur, þúsund, tvö þúsund og fimm þúsund krónur, hafi verið aukið. Þá hafi farið fram nokkurs konar tiltekt þar sem aurar hafi verið lagðir niður sem lögeyrir, og bankinn byrjað að greiða heildarfjárhæðir með heilum krónum.

„Seðlarnir eru mun fullkomnari en áður var og öryggisþættirnir eru traustari en áður. Sú vinna var nauðsynleg þar sem því miður koma alltaf upp dæmi um falsanir annað slag. Síðan erum við búin að hreinsa burt aurlana, sem ekki voru í notkun.“

Alls eru nú í umferð tæplega 13,3 milljarðar króna í peningaseðlum og andvirði tæplega tveggja milljóna af mynt, eða rúmlega fimmtíu þúsund krónur á mann sé miðað við að Íslendingar séu þrjú hundruð þúsund. Seðlar og mynt í umferð eru um eitt prósent landsframleiðslu hér á landi „Mikið af þessum seðlum er í vörslu banka, sparisjóða og hjá verslun og þjónustu. Obbinn af veltunni í landinu er vegna kortavíðskipta en seðlarnir eru alltaf nokkuð stöðugt hlutfall af landsframleiðslu,“ segir Tryggvi Pálsson.


-jsk



TrackWell
 FORÐASTÝRING

Flotaeftirlit – tækjanotkun og aksturslagsgreining


www.trackwell.com



Örugg ávöxtun í þeirri mynt sem þér hentar

Markmið Peningabréfa er að ná hærri ávöxtun en millibankamarkaður og gjaldeyrisreikningar. Enginn munur er á kaup- og sölugengi.

- ISK 14,7%*
- GBP 6,1%*
- USD 5,3%*
- EUR 5,1%*
- DKK 5,1%*
- CAD 4,7%*



Peningabréf ISK/EUR/USD/GBP eru fjárfestingarsjóðir í skilningi laga nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Sjóðirnir eru reknir af Landsvaka hf., rekstrarfélagi með starfsleyfi FME. Landsbankinn er vörsluaðili sjóðanna. Athygli fjárfesta er vakin á því að fjárfestingarsjóðir hafa rýmri fjárfestingarheimildir skv. lögnum heldur en verðbréfasjóðir. Um frekari upplýsingar um sjóðina, m.a. hvað varðar muninn á verðbréfasjóðum og fjárfestingarsjóðum og fjárfestingarheimildir sjóðanna, vísast til útboðslýsingar og útdráttar úr útboðslýsingu sem nálgast má í afgreiðslum Landsbankans auk upplýsinga á heimasíðu bankans, landsbanki.is.

* Nafnávöxtun á ársgrundvelli frá 1. júní - 30. júní 2007.

GENGISÞRÓUN

	Vika	Frá áramótum
Actavis	-2,93%	34,69%
Atorka	1,22%	56,97%
Bakkavör	1,56%	15,27%
Exista	3,36%	82,40%
FL Group	2,19%	26,14%
Glitnir	2,76%	31,05%
Eimskipafélagið	0,25%	21,85%
Icelandair	0,65%	12,35%
Kaupþing	3,04%	51,31%
Landsbankinn	2,14%	54,95%
Mosaic Fashions	0,00%	11,11%
Straumur	0,88%	36,77%
Teymi	6,74%	5,36%
Össur	-1,84%	-5,75%

Miðað við gengi í Kauphöll á mánuðaginn

DV og Birtíngur sameinuð að mestu

Rekstur DV og Birtíngs, sem meðal annars gefur út Mannlíf, Hús og híbyli og Ísafold, verður samtvinnaður að verulegu leyti á næstu misserum. Hjálmar, dótturfélag Baugs, á tæplega níutíu prósent hlut í báðum félögum.

Hreinn Loftsson, stjórnarformaður Hjálms, gegnir jafnframt stjórnarformennsku bæði í DV og Birtíngi. Hann staðfestir að breytinga sé að vænta innan félaganna. „Við erum að skoða möguleika um aukið samstarf félaganna í því augnamiði að draga úr kostnaði og hagræða,“ segir Hreinn. „Þó er ekki verið að sameina félögin, hvað svo sem síðar verður.“

Hjálmar Blöndal, framkvæmdastjóri DV, segir ætlunina að sameina húsnæði, rekstur tölvukerfa, ljósmyndadeild, fjármálaumsýslu, dreifikerfi og aðra stóra verkþætti. Þá verði



HRÆRINGAR Á BLAÐA- OG TÍMA-RITAMARKAÐI

öflug heimasíða opnuð undir slóðinni www.dv.is með efni tengdum báðum félögum. „Við erum fyrst og fremst að leita eftir því að ná fram hagræðingu í rekstri DV. Það liggur beint við að auka samstarf við það fyrirtæki sem hefur mjög svipað eignarhald,“ segir Hjálmar. „Við teljum okkur geta náð fram mikilli hagræðingu í

rekstri með þessu.“

Framkvæmdastjóri DV og Birtíngs, þau Hjálmar Blöndal og Elín Ragnarsdóttir, munu áfram sitja í sætum sínum. Ritstjórnarlegt vald verður jafnframt áfram á höndum þeirra ritstjóra sem starfa á hverjum miðli fyrir sig.

Áætluð sameiginleg velta Birtíngs og DV er á bilinu 1.300 til 1.400 milljónir króna. Í næstu viku verði stjórnarfundir haldnir í báðum félögum. Frekari frétt af útfærslu samvinnunnar er að vænta eftir þá fundi. - hhs

Langmest verðbólga hér

Verðbólga er langmest á Íslandi af öllum Norðurlöndunum samkvæmt samræmdri vísitölu neysluverðs sem Hagstofa Evrópu birti í vikunni. Í Vegvísi Landsbankans segir frá því að verðbólgan hér á landi mælist þrjú prósent á meðan hún er 0,7 til 1,4 prósent á hinum Norðurlöndunum.

Verðbólgan hefur hins vegar farið lækkanði hér. Í maí var hún fjögur prósent. Einungis lönd Austur-Evrópu hafa hærri verðbólgu en Ísland af þeim löndum sem vísitalan nær til. - hhs

Íslenskar háhraða-tengingar eru dýrar

Verð á háhraða-internettingum er ríflega þrefalt herra hér á landi en í Danmörku og Svíþjóð. Þetta sýnir ný skýrsla Efnahags- og framfarastofnunar Evrópu (OECD).

Samkvæmt skýrslunni er Ísland vel samkeppnishæft við önnur lönd á flestum sviðum fjarskipta, allt þar til kemur að háhraða-internettingum. Ísland hefur fjórða hæsta mánaðargjald fyrir ADSL-tengingu af öllum OECD-löndunum. Ísland kemur betur út þegar skoðað er verð á hvern megabita. Þar er Ísland nær miðjunni.

Póst- og fjarskiptastofnun fylgist með smásöluverði á fjarskiptamarkaði og birtir það á heimasíðu sinni. Þar geta neytendur borið saman þau verð sem eru aðgengileg á íslenskum markaði. Einnig fylgist hún grannt með verðlagningu á heildsölumarkaði. „Þessi skýrsla gefur ágætis yfirlit yfir fjarskiptamarkaðinn,“ segir Hrafnkell V. Gíslason, forstjóri Póst- og fjarskiptastofnunar. „Það verðbil sem gefið er upp fyrir Ísland þegar kemur að ADSL-



HRAFNKELL V. GÍSLASON Forstjóri Póst- og fjarskiptastofnunar segir varhugavert að draga ályktanir af skýrslu OECD.

tengingum er hins vegar töluvert minna en í öðrum löndum. Það er því erfitt að gera sér grein fyrir því hvar þunginn liggur.“

Hrafnkell segir varhugavert að draga of miklar ályktanir af skýrslunni. „Ef bera á saman epli og epli verða menn að bera saman megabita og megabita. Í þessari skýrslu má segja að borin séu saman epli og appelsínur hvað varðar háhraðatengingar. Til dæmis er á Íslandi borin saman eins megabita tenging við 0,256 megabita í Danmörku. Þetta er ekki sambærileg vara.“ - hhs

FL fjárfestir á Miami

FL Group og bandaríska fasteignafélagið Bayrock Group hafa í sameiningu keypt um þrjátíu prósent hlut í fasteignaverkefningu „Midtown Miami“. Kaupin eru fjármögnuð með eigin fé og lánum.

Í verkefningu felst þróun á tæplega fimm hundruð þúsund fermetra svæði í miðborg Miami. Á svæðinu verða meðal annars 3.277 blokkaribúðir, tæplega 25 þúsund fermetrar af verslunarymi og tæplega 47 þúsund fermetrar undir skrifstofubygging-

ar. Áætlað er að verkefningu muni ljúka á þremur til fjórum árum.

Í maí á þessu ári fjárfesti FL Group í fjórum verkefnum á vegum Bayrock Group í Bandaríkjunum fyrir fimmtíu milljónir Bandaríkjadala.

Í fréttatilkynningu frá FL Group er haft eftir Hannesi Smárasyni, forstjóra FL Group, að hann hlakki til að kanna frekari fjárfestingartækifæri í félagi við Bayrock Group, bæði í Bandaríkjunum og á alþjóðamarkaði þegar tækifæri gefist. - hhs

Barnið vex en brókin ekki

FME gerði á dögnum alvarlegar athugasemdir við starfsemi Nordvest. Starfsmenn félagsins voru jafnvel sagðir hafa framkvæmt eigin viðskipti.

Jón Skaftason
skrifar

„Við erum búnir að bæta úr þeim göllum sem FME gerði athugasemdir við,“ segir Skúli Sveinsson, framkvæmdastjóri verðbréfafyrirtækisins Nordvest. Fjármálaeftirlitið gerði á dögnum opinberar athugasemdir sínar í kjölfar úttektar á starfsemi Nordvest sem framkvæmd var í febrúar og mars á þessu ári. Sveinn segir fyrirtækið hafa vaxið hratt á árinu og að innviðirnir hafi hreinlega ekki þolað þann mikla vöxt. Talið var að Nordvest hefði brotið gegn 6., 13. og 14. gr laga um verðbréfavíðskipti, en samkvæmt 15. grein laganna ber fjármálfyrirtæki að setja reglur sem tryggja að ofangreindum lagagreinum verði fylgt. Slíkar verklagsreglur höfðu hins vegar ekki verið settar.

Fram kemur í tilkynningu frá FME að ekki hafi verið haldið sérstaklega utan um viðskipti starfsmanna og stjórnenda, jafnvel hafi tíðkast að starfsmenn framkvæmdu sjálfir eigin viðskipti. Einnig er tekið fram að stjórnendur Nordvest hafi ekki virt leiðbeinandi tilmæli FME um lágmarks eignarhaldstíma hluabréfa, og að dæmi hafi verið um að starfsmenn seldu hlutabréf sama dag og þau höfðu verið keypt.

Þá hafi komið fram í reglum Nordvest að um sérkjör starfsmanna fari samkvæmt gjaldskrá, en slík gjaldskrá hafi hins vegar ekki verið til. Loks gerir FME athugasemdir við að ekki hafi verið farið að lögum og reglum um aðgreiningu starfssviða, og að starfsmenn hafi starfað samtímis á fleiri en einu starfssviði.



HÖFUÐSTÖÐVAR NORDVEST VÍÐ SUDURLANDSBRAUT

Framkvæmdastjóri Nordvest segist taka athugasemdir FME alvarlega en gerir þó athugasemdir við framsetninguna. MARKAÐURINN/E.ÖL.

Skúli segist taka athugasemdir FME mjög alvarlega en bendir þó á að lög um verðbréfavíðskipti séu smærri fyrirtækjum mjög þung í vöfum. „Þetta er einfaldlega þannig að barnið vex en brókin ekki. Hér voru aðeins tveir starfsmenn í upphafi árs. Síðan hafa verið ráðnir þrír til viðbótar og þar af einn til að vinna sérstaklega í umbótum á verklagsreglum og öðru.“

Skúli er jafnframt ósáttur við framsetningu FME. Í tilkynningu kemur fram að starfsmenn Nordvest hafi í einhverjum tilfellum framkvæmt sjálfir eigin viðskipti. „Mér finnst þetta röng framsetning. Þetta kom einu sinni fyrir og við tókum á því þegar það uppgötvaðist. Starfsmaðurinn sem í hlut átti var beðinn um að gera þetta ekki

aftur. Um var að ræða mistök sem skrifast á reynsluleysi.“ Starfsmaðurinn sem um ræðir vinnur enn hjá Nordvest.

Stjórn Nordvest hefur nú sett félaginu verklagsreglur og regluvörður verið ráðinn. Skúli segir að umbætur hafi verið hafnar áður en Fjármálaeftirlitið framkvæmdi úttekt sína. „Okkar stefna er að hafa þessi mál í fullkomnu lagi, vaxtarverkirnir eru yfirstaðnir og við höfum ráðið hingað færustu sérfræðinga landsins til að sjá til þess.“

Fjármálaeftirlitið tjáir sig ekki um málið á þessu stigi. Venjan ku þó vera sú að fyrirtækjum er gefinn tími til úrbóta áður en gripið er til refsivíðurlaga. Samkvæmt 2. og 3. mgr 74. greinar laga um verðbréfavíðskipti er eftirlitinu heimilt að beita stjórnvaldssektum allt frá fimmtíu þúsund krónum til fimmtíu milljóna fyrir brot af þessu tagi. Önnur úrræði kunna að vera dagsektir og féviti samkvæmt lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Einfalt mál

EINA VIÐSKIPTAÞLAÐIÐ SEM ÞÚ ÞARFT



Með Fréttablaðinu alla miðvikudaga



Í hádeginu kl 12:12 á Stöð 2



Markaðurinn á Vísi alla daga



VIÐSKIPTAFRÉTTIR
ALLA DAGA VIKUNNAR

DÝRMÆT SÉRÞEKKING

Í 20 ÁR Íslensk verðbréf þakka viðskiptavinum sínum trygg og traust viðskipti í tuttugu ár. Með mikilvæga þekkingu á sérhæfðu sviði eignastýringar munum við halda áfram að stýra eignum fyrir viðskiptavinum okkar með hag þeirra efst í huga.



ÍSLENSK VERÐBRÉF
EIGNASTÝRING ER OKKAR FAG!

Milljón pund fyrir salmonellunammi

Sætindarisinn Cadbury hefur verið sektaður um eina milljón punda, rúmlega 122 milljónir króna, eftir að fjórutíu veiktust í kjölfar þess að hafa gætt sér á súkkulaðistykki frá fyrirtækinu. Salmonellan varð til þess að Cadbury sá sig knúð til að endurkalla meira en milljón súkkulaðistykki í Bretlandi.

Eftir uppkvaðningu dómans baðst talsmaður Cadbury afsökunar fyrir hönd fyrirtækisins, í viðtali við fréttamann BBC fréttavefjarins. „Gæði hafa alltaf verið kjarni fyrirtækisins en ferlið sem við fylgum í Bretlandi í þessu tilfelli reyndist



SÚKKULAÐISTYKKI FRÁ CADBURY Cadbury hefur hlotið einnar milljónar punda sekt eftir að salmonellu varð vart í súkkulaðistykkjum frá fyrirtækinu.

vera ótækt,“ sagði talsmaðurinn. Þá sagði hann fyrirtækið þegar hafa lagt tuttugu milljónir punda í endurskipulagningu ferla innan fyrirtækisins til að koma í veg fyrir að nokkuð svipað gæti hent aftur. - hhs

Óbreytt verðbólga í Evrulandi

Verðbólga í þeim þrettán löndum sem nota evruna sem gjaldmiðil hélst óbreytt frá fyrri mánuði í júní samkvæmt tölum frá Hagstofu Evrópu. Verðbólgan mælist 1,9 prósent og er því rétt undir markmiði Seðlabanka Evrópu um tveggja prósentu verðbólgu. Þrátt fyrir að verðbólga á evrusvæðinu hafi ekki hækkað milli mánaða telja sérfræðingar líklegt að Seðlabanki Evrópu muni hækka stýrivexti við næsta vaxtaákvörðunardag, úr fjórum prósentum í 4,5 prósent. Líklega muni bankinn leitast við að koma stýrivöxtum á svipað ról og Bret-



Í EVRULANDI Verðbólga í þeim þrettán löndum sem nota evruna hélst óbreytt frá fyrri mánuði.

lands og Bandaríkjanna, þar sem þeir eru 5,75 og 5,25 prósent, til að sporna gegn of hröðum verðhækkunum og þenslu launa á evrusvæðinu.

Tólf mánaða verðbólga á EES-svæðinu mælist nú 2,1 prósent og hélst hún einnig óbreytt milli mánaða. Verðbólga hér á landi mælist hins vegar þrjú prósent í júní og lækkar um eitt prósentustig milli mánaða. Ástæðan fyrir því að verðbólgan mælist minni samkvæmt mælingum Hagstofu Evrópu en Hagstofu Íslands er að í evrópsku mælingunum er ekki tekið tillit til húsnæðisverðs. - hhs

Skóða sögur af illri meðferð verkafólks

Bresku verslanakeðjurnar Tesco og Asda kanna nú réttmæti staðhæfinga um að illa sé farið með starfsfólk fataverksmiðja í Bangladesh, sem keðjurnar skipta báðar við.

Asakanirnar komu fram í kjölfar rannsóknar breska dagblaðsins The Guardian sem leiddi í ljós að verkamenn fataverksmiðjanna fá allt niður í fjögur pens, jafnvirði tæpra fimm króna, á tímann fyrir vinnu sína. Þá vinna þeir oft áttatíu stunda vinnuviku, jafnvel undir ofbeldisfullri stjórn, og hafa ekki aðgang að verkalýðsfélögum.

Í frétt á vef BBC brást tals-

maður Tesco við rannsóknnum The Guardian með því að segja keðjuna gera allt til að tryggja háa gæðastaðla og góð vinnuskilyrði í Bangladesh.

Ákveðin skref hefðu verið stigin í þá átt að bæta vinnuskilyrði þeirra starfsmanna sem áttu í hlut. Allar 48 verksmiðjurnar sem keðjan skipti við í Bangladesh hefðu þegar verið yfirfarnar. Talsmaður Asda sagði alla misnotkun óásættanlega og að verksmiðjur birgjana sem skipt er við yrðu hugsanlega yfirfarnar. - hhs



Microsoft vinsælasta vörumerkið í Bretlandi

Breskir neytendur eru hrifnastir af bandaríska tölvurísanum Microsoft. Coca-Cola og Google fylgja þar fast á eftir.

Jón Skaftason
skrifar

Microsoft er vinsælasta vörumerki á Bretlandi samkvæmt könnun ráðgjafafyrirtækisins Superbrands. Könnunin var gerð meðal þrjú þúsund breskra neytenda.

Bandaríski drykkjarrisinn Coca-Cola varð í öðru sæti, Google í því þriðja og breska ríkisútvarpið BBC í fjórða sæti. Önnur vörumerki á meðal tíu efstu voru British Petroleum, British Airways, Lego, Guinness, Mercedes-Benz og sælgætisframleiðandinn Cadbury.

„Bretar á öllum aldri og úr öllum þjóðfélagsstéttum eru greinilega afar hrifnir af Microsoft, Google er þó á fleygiferð og sækir á með hverju árinu,“ sagði Stephen Cheliotis, forsvarsmáður Superbrands.

Cheliotis sagði greinilegt hversu vel gömul og rótgróin fyrirtæki kæmu úr könnuninni. „Fyrirtæki á borð við Coca-Cola og British Petroleum hafa löngum átt gott samband við viðskiptavin sína.“

Superbrands gerði einnig sambærilega könnun meðal tuttugu fjölmiðlamanna og fulltrúa úr auglýsingageiranum. Niðurstöðurnar urðu allt aðrar; Google varð hlutskarpast og Ipodinn frá Apple í



PINTA AF GUINNESS Microsoft er vinsælasta vörumerkið á Bretlandseyjum. Breskir karlmenn vilja bjór frá Guinness en konur ar kampavín frá Moët & Chandon.

öðru sæti. Microsoft komst raunar ekki inn á topp tíu lista sérfræðinganna, en Coca-Cola, Google og BBC voru einu fyrirtækin sem komust á báða listana. „Við biðum spennu eftir könnun næsta árs, þá sjáum við hvort sérfræðingarnir eru virkilega með puttann á púlsinum og spá rétt fyrir um vinsælastu vörumerki næsta árs,“ sagði Cheliotis.

Athygli vakti að lítill munur var á svörum karla og kvenna í neytendakönnuninni. Helstur var munurinn þegar kom að áfengistegundum, kampavínsframleiðandinn Moët & Chandon var meðal tíu efstu hjá konunum en karlarnir voru hrifnari af bjórframleiðandanum Guinness.

Áfengissmekkurinn virðist einnig ólíkur milli aldurshópa. Fólk á aldrinum átján til tuttugu og fjögurra ára nefndi Smirnoff, Bacardi og Jack Daniels. Eldri neytendur voru hins vegar hrifnari af rótgrónum breskum áfengistegundum á borð við Wedgewood, Parker og Clarks.

Dræmur vöxtur vöruskipta hjá G7-iðnríkjunum

Vöruútflutningur sjö helstu iðnríkja heims (G7) jókst um 0,9 prósent á fyrsta ársfjórðungi þessa árs frá fjórðungnum á undan. Þetta sýna nýbirtar tölur Efnahags- og framfarastofnunar Evrópu (OECD) yfir alþjóðlegar hagstærðir. Til G7-landanna teljast Kanada, Frakkland, Þýskaland, Ítalía, Japan, Bretland og Bandaríkin.

Vöruinnflutningur á tímabilinu jókst um 1,5 prósent. Það stjórnadist að mestu af aukinni eftirspurn í Þýskalandi. Miðað við árið á undan hafa vöruskipti aukist töluvert, útflutningur um 3,4 prósent og innflutningur um 4,1 prósent.

Vöruútflutningur frá Þýskalandi jókst um 0,7 prósent miðað við fjórðunginn á undan. Á sama tíma jókst innflutningur um 8,6 prósent. Á milli ára hefur vöruútflutningur í Þýskalandi aukist um



FRÁ BERLÍN Aukningu í vöruinnflutningi G7-rikkjanna má að mestu rekja til aukinnar innlendrar eftirspurnar í Þýskalandi.

11,4 prósent og innflutningur um 15,4 prósent.

Í Bandaríkjunum jókst vöruinnflutningur um 0,2 prósent og innflutningur um 1,4 prósent á milli ársfjórðunga. Miðað við árið á undan hefur útflutningur aukist um sex prósent og innflutningur um 2,1 prósent, vel undir meðaltali G7-landanna. Milli ársfjórðunga jókst útflutningur mest í Japan, eða um tvö prósent. Þar dróst innflutningur jafnframt mest saman, eða um 3,3 prósent milli ársfjórðunga. - hhs

VINSÆLUSTU VÖRUMERKIN Í BRETLANDI

1.	Microsoft
2.	Coca-Cola
3.	Google
4.	BBC
5.	British Petroleum (BP)
6.	British Airways
7.	Lego
8.	Guinness
9.	Mercedes-Benz
10.	Cadbury

SÝN 2 BYRJAR
4. ÁGÚST

VERÐ FRÁ
2.368 KR.

SÝN 2
enski boltinn

Biðin er auðvitað
það erfiðasta

512 5100 | SYN.IS | VERSLANIR VODAFONE





D-Wall

Sindri býður nú gæða áklæðningu frá Otefal á Ítalíu, D-Wall, með mjög veður og slitþolinni PVDF yfirborðshúð á framhlið og sterkri epoxy húð á bakhlið. Klæðningarnar eru í hæstu efnisgæðum, AIMg3, fánlegar í ýmsum efnisþykktum og stærðum og einnig sem báruál. Fjöldi lita til á lager.

Byggingalausnir í Sindra

- ▶▶▶ D-Wall áklæðningar
- ▶▶▶ Rheinzink
- ▶▶▶ Þakkopar
- ▶▶▶ Neobond klæðningar
- ▶▶▶ Stálklæðningar



Undirbyggingarkerfi fyrir klæðningar og flísar

Ál-undirbyggingarkerfið hentar undir allar gerðir klæðninga svo sem:

Áklæðningar
Neobondklæðningar
Timburklæðningar
Flísar

Stigar

Hringstigi frá Weland er í flestum tilfellum mjög hagkvæm lausn. Í mörgum tilfellum falla þeir vel að umhverfinu og hafa þannig oft spilað stórt hlutverk í arkitektúr húsa, bæði innandyra sem utan.

Þjófum einnig upp á beina stiga og klifurstiga.



Iðnaðarhurðir

Loading hurðir eru aðgengilegar, sterkar og eru markaðsleiðandi lausn.

Þetta er vinsæl útihurð fyrir m.a. iðnaðarhúsnæði, vöruhús, landbúnað, bílageymslur og bílskúra og uppfyllir útlitslegar sem og verklegar væntingar sem gera má til hurða.



Handrið

Weland framleiðir falleg svalahandrið úr áli. Handriðin má fá í ýmsum útgáfum t.d. með lóðréttum prófílum, klæddum með gleri, opinni grind, tilbúin undir Neobond klæðningu o.fl. Margar tegundir handlista einnig fánlegar.



Girðingar

Adronit er þýskur framleiðandi girðingalausna fyrir fyrirtæki, stofnanir, kirkjugarða og kröfuharða einstaklinga.

Fyrirtækið er þekkt víða í Evrópu fyrir gæði og áreiðanleika og vörur þess uppfylla ströngustu EN-kröfur. Komin er áratuga reynsla á vörur Adronit á Íslandi.



SINDRI

Klettagarðar 12 Sími: 575 0000 www.sindri.is
Strandgötu 75 Hafnarfirði - Draupniskötu 2 Akureyri - Viðarhöfða 6 Reykjavík

SPRON verði skráð á markað strax í haust

Stefnt er að því að breyta rekstrarformi Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis yfir í hlutafélagafarm og skrá sjóðinn á markað þegar í september. Óli Kristján Ármannsson spurði Guðmund Hauksson sparisjóðsstjóra út í fyrirhugaðar breytingar. Ætlað er að stofnfjáreigendur fari með 85 prósent eignarhlut í nýju hlutafélagi, sem metið er á 60 milljarða króna, en 15 prósent verði í höndum sjálfseignarstofnunar sem einnig sinni menningar- og velferðarmálum.

Við stefnum að því að breyta rekstrarformi félagsins yfir í hlutafélagafarm,“ segir Guðmundur Hauksson, sparisjóðsstjóri Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis, SPRON. „Ástæðan er einfaldlega sú að við höfum vaxið hratt og teljum að eðlilegt sé að fyrirtæki sem leita eftir fjármagni hjá almenningi geri það í formi hlutafélags og þá helst að félagið sé á sama tíma skráð í Kauphöllinni.“

Ferillinn við hlutafélagavæðingu SPRON er þannig að stjórn sjóðsins byrjar á því að fá utanaðkomandi fyrirtæki til þess að meta sparisjóðinn. „Og jafnframt að meta gagngjald stofnfjár til stofnfjáreigenda. Því næst tekur stjórnin ákvörðun um að fara þessa leið, sú ákvörðun er síðan birt í Lögbirtingarblaðinu og mánuði síðar er hægt að halda fund stofnfjáreigenda því þeirra er að ákveða um framhaldið,“ segir Guðmundur. Að fengnu samþykki stofnfjáreigenda er svo Fjármálaeftirlitinu sent erindi þar sem leitað er eftir samþykki á breytingu á SPRON í hlutafélag. „Gangi þetta allt eftir verður í kjölfarið leitað til Kauphallarinnar með skráningu.“

FUNDUR Í NÆSTA MÁNUÐI

Mat Capacent liggur fyrir og samruna-áætlun hefur verið birt. Samkvæmt matinu, sem byggt er á uppgjöri pr. 31/3 2007, er SPRON um 60 milljarða króna virði. Að sögn Guðmundar munu 85 prósent koma í hlut stofnfjáreigenda en 15 prósentin sem eftir standa, eða um níu milljarðar miðað við matsverð, renna í sjálfseignarstofnun sem á „fyrst og fremst á að stuðla að vexti og viðgangi SPRON“ en hafi einnig heimild til að ráðstafa þessum fjármunum, eða ávöxtun þeirra til menningar- og líknarmála á starfssvæði sparisjóðsins. Sjóðurinn yrði einn sá stærsti sinnar tegundar hér á landi.

„Næsta skref er svo að kalla saman stofnfjáreigendafund og upplýsa þá um eðli máls, tölur og annað,“ segir Guðmundur, en það á að gera seinni hluta þessa mánaðar. Síðan verður reynt að fá SPRON skráð í OMX-kauphöllina íslensku í september. Ekki hefur hins vegar verið tekin nein ákvörðun um hvort farið verði í hlutafjárútbod samhliða skráningunni.

Guðmundur segist vona að góð samstaða náist um breytt rekstrarform sparisjóðsins og telur einsýnt að fleiri fylgi í kjölfarið. „Ég hygg að hagsmunir SPRON og stofnfjáreigenda fari mjög vel saman og er þess vegna mjög bjartsýnn á að þetta geti gengið vel eftir.“ Hann segir að á þeim fimm árum síðan síðast kom til tals að breyta rekstrarformi sparisjóðanna hafi átt sér stað slíkar breytingar að menn átti sig nú á því að um eðlilegan þátt í þróun þeirra sé að ræða. Ekki vill Guðmundur þó meina að sárt sé til þess að horfa að þessi leið hafi ekki verið farin strax. „Í þessum efnun þýðir ekkert að horfa aftur fyrir sig. Þetta er bara ferillinn sem átti sér stað og í dag horfum við bara fram á veginn og stöldróm ekkert við fortíðina í þessum efnun, enda aðstæður gjörólíkar.“

GJÖRBREYTT UMHERFI

Guðmundur á enda von á að fleiri sparisjóðir fylgi í kjölfarið. „Meðal annarra sparisjóða hefur líka átt sér stað mikil þróun og kæmi mér ekki á óvart að þeir myndu líka reyna þessa leið.“ Lagaumhverfi sparisjóðanna segir Guðmundur



GUÐMUNDUR HAUKSSON Guðmundur, sem er sparisjóðsstjóri SPRON, segir að sparisjóðunum verði að vera kleift að breyta um rekstrarform eigi hann að takast á við stóru bankana í samkeppni, enda skipti það máli þegar kemur að fjármögnun starfseminnar.

MARKAÐURINN/VILHELM

að sé barn síns tíma og ljóst að löggjöfina gagnvart sparisjóðunum þurfi að taka upp í heild sinni með það fyrir augum að auðvelda þeim skref í að þróa sig til framtíðar. Sparisjóðunum getur enda reynst misauðvelt að breyta um rekstrarform. Guðmundur segir að þótt SPRON hafi vegnað vel á undanförunum árum og stofnfjármarkaður sparisjóðsins hafi skilað honum umtalsverðum verðmætum þá telji stjórn sjóðsins að öll lagaumgjörð hlutafélaga sé skýrari og að fyrir fjárfesta sem setji peninga í SPRON sé æskilegra að fjárfesta í hlutabréfum fremur en í annarri tegund verðbréfa. Stofnfjármarkaður fyrir stofnfjárbréf SPRON var stofnaður árið 2004. „Sá markaður hefur gengið býsna vel,

stofnfjáreigendur eru um 1.350 talsins og hefur fjölgað talsvert að undanförunum. Þarna hefur verið vettvangur til að kaupa og selja og á sama tíma hefur stofnfé í SPRON verið aukið mikið þannig að það hefur skilað sparisjóðunum miklum styrk.“ Fjármálamarkaðurinn hér heima hefur hins vegar, að sögn Guðmundar, verið í gífurlegri þróun. „Við sáum einkavæðinguna á öllum viðskiptabönkunum og hvað þeir hafa eflst mikið í kjölfarið. Sparisjóðirnir hafa farið sér hægur en þó hafa þar verið umtalsverðar breytingar. Ljóst er að talsverð viðskipti hafa átt sér stað með stofnfé í mörgum sparisjóðum. Nokkrir sparisjóðir hafa sameinast á undanförunum árum, sá stærsti þegar Sparisjóður vélstjóra og

Sparisjóður Hafnarfjarðar runnu saman í Byr, sem núna á í viðræðum við Sparisjóðinn í Kópavogi. Úti á landi hafa líka átt sér stað talsverðar breytingar og sameiningar. Starfsumhverfi sparisjóðanna hefur þar af leiðandi breyst heilmikið og þeir líka fært til starfsvettvangs sinn,“ segir Guðmundur og bendir til dæmis á fyrirtækin Sparisjóðsins í Keflavík um að opna útibú í Reykjavík. „Þá hefur Sparisjóður Mýrasýslu og aðrir sparisjóðir úti á landi hafið starfsemi í Reykjavík þótt ekki sé um formleg útibú að ræða.“

FJÁRMÖGNUN VERÐUR AUÐVELDARI

Breytingar sem hér hafa átt sér stað segir Guðmundur að séu sambærilegar við það sem gerst hefur erlendis. „Okkur stendur nokkuð nær að líta til dæmis til breytinganna í Færeyjum þar sem Sparisjóður Færeyja byrjaði á því að breyta rekstrarformi sínu yfir í hlutafélagafarm og hefur síðan breytt nafni sínu og er skráður bæði í Kauphöll Íslands og Danmerkur. Þróunin sem þeir hafa gengið í gegn um er svipuð þeirri sem við horfum til. Breytingin hefur reynst þeim mjög vel og við höfum alla ástæðu til að ætla að breytingin muni með sama hætti gagnast SPRON.“

Aukinheldur segir Guðmundur að samkeppnin við stóru bankana kalli á breytt rekstrarform sparisjóða. „Fyrirtæki sem skráð eru í kauphöll eiga að öðru jöfnu auðveldara með að sækja fjármagn til fjárfesta. Með sama hætti er ljóst að matsfyrirtækin ættu að horfa til okkar með jákvæðari hætti en áður því hlutafélagafarmið er mjög vel skilgreint í lögum, bæði hér og erlendis meðan sparisjóðafarmið er torskildara fyrir utanaðkomandi aðila. Við væntum þess vegna, að þegar við leitum eftir alþjóðlegu mati á SPRON með það að markmiði að eiga greiðari aðgang að lánsfé og þá væntanlega á betri kjörum, að þá muni matsfyrirtæki horfa á þessa breytingu sem jákvæðan þátt í okkar rekstri.“ Eins segir Guðmundur við breytinguna opnast þær dyr fyrir SPRON að geta stækkað með samruna við önnur fjármálafyrirtæki, en möguleikar á því séu mjög takmarkaðir í formi sparisjóðs. „Hins vegar er rétt að taka fram að engin áform eru uppi um það núna að ganga til slíks leiks. Þetta er eingöngu gert til að breyta SPRON í almenningshlutafélag sem skráð verður í Kauphöllinni.“

Sparisjóðirnir hafa þótt njóta nokkurrar sérstöðu, bæði í starfsmannamálum og í tengslum við viðskiptavinina sína. Guðmundur leggur áherslu á að breytingin sem menn sjái fyrir sér hjá SPRON sé formbreyting, ekki stefnubreyting. „Við munum þess vegna áfram leggja áherslu á að rækta sambandið við okkar viðskiptavinina með sama hætti og áður, auk þess að stuðla að því að SPRON sé góður vinnustaður. Hér hefur verið einstakur starfsandi og við komið mjög vel út úr öllum mælingum, bæði hvað varðar ánægju viðskiptavina og starfsmanna. Í þessum efnun sjáum við ekki fram á neinar breytingar.“ Ætlunin er því ekki að gjörbreyta áherslum í rekstri SPRON, þar sem áherslan hefur verið á að sinna einstaklingum og smærri fyrirtækjum. „Það munum við gera áfram,“ segir Guðmundur, en bætir við að SPRON hafi jafnframt fjárfest töluvert í fyrirtækjum og starfsemi bæði hér og erlendis og segir að áfram verði haldið á þeirri braut.

HVENÆR SEM ER

Upplýsingar af fjármálamarkaðnum í símann þinn með því að tengjast <http://m.mentis.is>

© Mentis 2007

mentis HUGBÚNAÐUR



ÓKEYPIS REYNSLUTÍMI
á <http://m.mentis.is>

MARKAÐSVAKTIN
mobile



NordVest býður fyrst fyrirtækja upp á:

Verðbréfavakt í rauntíma

með Markaðsvaktinni

0,35% sölu- og kauppóknun



MARKAÐSVAKTIN



NordVest býður nú viðskiptavinum upp á að skrá eignasafn sitt og vakta það í rauntíma. Þjónustan er í boði fyrir þá viðskiptavini sem eru með verðbréf í vörslu hjá **NordVest**.

Markaðsvaktin miðlar upplýsingum um allt sem viðkemur markaðsviðskiptum frá viðskiptakerfi OMX kauphallarinnar. Notendur Markaðsvaktarinnar geta því vakt bæði íslensk verðbréf og öll bréf sem tengjast OMX kauphöllinni.

Kerfið er einfalt í uppsetningu og notkun, allt viðmót er á íslensku og ensku og geta notendur aðlagð vinnuumhverfið að eigin þörfum.

Markaðsvaktin er í notkun hjá hundruðum notenda bæði hér á landi sem erlendis.

Nánari upplýsingar og ókeypis reynsluútgáfa á www.nordvest.is

 **mentis**
SAMSTARFSADILI

ÓKEYPIS REYNSLUTÍMI
í 30 daga á www.nordvest.is


NordVest
VERÐBRÉF
Sími: 590 9000

Suðurlandsbraut 30, 108 R www.nordvest.is info@nordvest.is

BOEING 787 DREAMLINER Um fimmtán þúsund manns, fjölmiðlar, starfsfólk Boeing-verksmiðjunnar og gestir þeirra, mættu til að berja nýja farþegaþötu augum og fara um hana höndum á frumsýningu vélarinnar í Everett, um 50 kílómetra norður af Seattle í Bandaríkjunum, sunnudaginn áttunda júlí síðastliðinn.

AFP-MYND/
THE BOEING COMPANY



Flugferðir með glæný

Boing 787 Dreamliner-farþegaþotan sem kynnt var í Bandaríkjunum fyrir skömmu brýtur blað í flugsögunni, bæði hvað vélarnar. Icelandair var með fyrstu flugfélögum til að festa kaup á nýju þotunni og nýtur þess bæði í kaupverði og mög hefur slegið öll met. Leggi flugfélag inn þöntun nú getur það fyrst búist við afhendingu árið 2015 eða 2016. Óli Kristján

Grífurleg eftirvænting var á frumsýningu farþegaþotunnar nýju frá Boeing í Everett, skammt frá Seattle í Bandaríkjunum, sunnudaginn 8. júlí síðastliðinn. Staðreyndin er enda sú að aldrei hefur meira verið selt í forsölu af einni vél, 677 stykki. Að því er fram kom í ræðu Jims McNerney, forstjóra Boeing á opunarhátíðinni, er þetta í fyrsta sinn sem forpantanir á nýrri flugvél fara yfir 500. Fyrsta reynsluflug þotunnar er sagt verða á næstunni, en fyrstu vélarnar á að

afhenda Air Nippon Airways í Japan í maí á næsta ári.

ERLEND FÉLÖG Hafa samband

Icelandair var fyrsta evrópska flugfélagið til að panta Dreamliner-vélar og kom þannig mjög snemma inn í ferlið. Að sögn Jóns Karls Ólafssonar nýtur félagið þess í kjörum auk þess sem ákveðin tækifæri hafi orðið til á endursölumarkaði vegna mikils áhuga á vélinni. Icelandair hefur tryggt sér sjö þotur, á kauprétt á þremur og hefur þegar samið um kaup á fjórum vélum sem verða afhentar árin 2010 og 2012.

Þá fylgir tékkneska flugfélaginu Travel

Service kaupréttur á tveimur vélum til viðbótar, en Icelandair á í viðræðum um kaup á félaginu. Sigþór Einarsson, framkvæmdastjóri hjá Icelandair, gerir ráð fyrir að lokið verði við kaupin í sumar. Listaverð Dreamliner-véla er um 160 milljónir Bandaríkjadala, eða tæpir 10 milljarðar króna. Jón Karl segir erlend flugfélög þegar hafa sett sig í samband við Icelandair og sýnt nýju vélunum þeirra áhuga, en Icelandair hafi tímunn fyrir sér í vangaveltum um slíka hluti.

MARKAÐSSVÆÐIÐ MARGFALDAST

Eins hefur ekki verið tekin ákvörðun um á hvaða leiðum nýju vélarnar verði, hvort þær

STÓRIR GLUGGAR

Nýja þotan frá Boeing er með umtalsvert stærri glugga en forverar hennar í háloftunum. Nýtt byggingarferni vélarinnar, samþættar koltrefjar, gera þetta mögulegt. Guðjón Arngrímsson, upp lýsingastjóri Icelandair Group, lætur hér fara vel um sig í eftirlitningu af innra byrði Dreamliner-þotunnar.

MARKAÐURINN/ÓKA



UNDIR BOL DREAMLINER-ÞOTUNNAR

Jón Karl Ólafsson forstjóri og Sigþór Einarsson, framkvæmdastjóri rekstrarsviðs Icelandair Group, stílla sér glaðbeittir upp undir bók fyrstu Boeing 787 Dreamliner-þotunnar sem búin var til á kynningarhátíð hennar í Bandaríkjunum áttunda þessa mánaðar.

MARKAÐURINN/ÓKA



Eyðslan skiptir höfuðmáli

„Vissulega er ánægjulegt að betur fari um farþega í nýju 787 Dreamliner-vél Boeing en í eldri vélum félagsins,“ sagði Vasudevan Thulasidas, starfandi stjórnarformaður Air India, á kynningu þar sem talsmenn valinna flugfélaga kynntu ástæður þess að ákveðið var að festa kaup á Dreamliner-vélinni. Hann kvaðst hins vegar af fyllstu hreinskilni ætla að viðurkenna að aðalástæða þess að ákveðið var að kaupa vélina væri hversu sparneytin hún væri. Eldsneytisverð vegur mjög þungt í öllum rekstrarkostnaði flugfélaga og því ef til vill ekki að undra að forsvarsmenn félaganna horfi einna helst til þess þáttar þegar kemur að endur-



VASUDEVAN THULASIDAS Starfandi stjórnarformaður Air India.

Markaðurinn/AP

nýjun og gera þarf upp á milli nýrra véla.



VÉL NÚMER TVÖ Í SMÍÐUM Dreamliner-þotan var kynnt í samsetningarverksmiðju Boeing í Everett í Washingtonríki í Bandaríkjunum. Boeing-menn segja bygginguna þá stærstu í heimi að rúmmáli, tæplega 13,4 milljónir rúmmetra. Á leiðinni á sýningarsvæðið var gengið fram hjá þotu númer tvö á samsetningarlinnu Boeing.

MARKAÐURINN/ÓKA



Þjónusta

Þjónustuaðili:

Langendorf Fiat MSB New Holland NPK
Daewoo (R) Montabert DEUTZ Kobelco

VeiRás ehf.

Sérhæfð þjónusta við rafkerfi og glussakerfi

RAUÐHELLA 16 • 220 HAFNARFIRÐI • SÍMI 555 6670 • FAX 555 6671 • velras@velras.is

Slöngur og fittings
á lager.

Smurþjónusta fyrir
stóra bíla og vinnuvélar.

Setjum á og útvegum
yfirbreiðslur á vagna.

vinnuvélar

MIÐVIKUDAGUR 18. JÚLÍ 2007



Framtíðin björt á
Austurlandi

Horfur góðar þótt stór-
framkvæmdum ljúki **SÍÐA 2**



FRETTABLAÐIÐ/ANTON



130 m á hæð

„GP kranar eiga á annan tug bílakrana af öllum stærðum og gerðum. Við eigum að baki langa og farsæla vinnu fyrir fjölda fyrirtækja á Íslandi og þegar við þurfum fjármögnun er Lýsing það fyrirtæki sem besta þjónustu veitir. Starfsfólk Lýsingar sinnir þörfum viðskiptavina sinna.“

Gunnþór Kristjánsson forstjóri, GP kрана

Lýsing hefur byggt upp orðspor sem traust fyrirtæki með afburða starfsfólk og persónulega þjónustu. Síðastliðin 20 ár hefur Lýsing stutt við bakið á fjölda fyrirtækja víðsvegar um landið og býður upp á fjölbreytta möguleika í fjármögnun sem er sérsníðin að þörfum hvers og eins.

Lýsing - fjármögnun í takt við þínar þarfir



LYSING.IS // 540 1500

Selur tæki allt frá Akureyri til Afganistan

Fyrirtækið Hraun í Hafnarfirði selur og leigir út vinnuvélar af ýmsum stærðum. Rafn Guðjónsson framkvæmdastjóri Hrauns segist selja þar sem eftirspurnin er, hvort sem það sé á Akureyri eða í Afganistan.

„Ætli það séu ekki að verða 15 ár síðan ég byrjaði að versla með vinnuvélar. Þetta fyrirtæki er hins vegar ungt, ég byrjaði með þennan rekstur á síðasta ári,“ segir Rafn Guðjónsson framkvæmdastjóri en hann þekkjargir úr torfærinni. Rafn segir reksturinn hafa farið vel af stað. „Ég er að selja gáma-grindur, fleyga, og Sunward-vélar frá Kína, svo eitthvað sé nefnt. Salan hefur verið mjög góð. Þá er ég með þjöppur og beltagröfur.“ Hraun er í Skútahrauni í Hafnarfirði en selur vélar hvert á land sem er. Þá hefur Hraun einnig verið að selja bíla, til að mynda einn alla leið til Afganistan. „Ég hef selt þá í gegnum kunningja minn í Þýskalandi sem er ættaður frá Afganistan,“ segir Rafn.

Hraun er ekki bara í sölu því þar má einnig leigja vélar í minni og stærri verk.

„Ég er með gott úrval véla sem hægt er að leigja. Ég hef verið að stækka við mig og stefni á að fara allt upp í 33 tonna beltavélar. Það gagnast verktökum sem eru að fara í stærri verkefni og þurfa tímabundið að bæta við sig vélum. Þá er ég með litlar vélar í útleigu sem henta vel fyrir þá sem eru í lóðaframkvæmdum. Þær leigi ég án manns svo fólk getur unnið sjálft á vélunum.“

Fyrirtækið selur einnig landbúnaðarvélar og er stefnan sett á að auka þann þátt á næstunni. Þá er töluvert að gera í bílasölu, en Hraun hefur haft milligöngu um innflutning bíla hingað til lands.

„Ég hef farið víða og hengi mig ekki á neinn einn aðila. Þannig næ ég bestu verðunum, því ég leita víða að góðum tilboðum. Ég er að fara til Kína í nóvember en ég hef farið einu sinni þangað áður.“ Þar ætlar Rafn að skoða ný tæki sem eflaust verða til sölu hjá Hrauni áður en langt um líður.

hnefill@frettabladid.is



Rafn segir reksturinn hafa farið vel af stað en hann selur vélar og tæki þar sem eftirspurnin er.



Sigurður Grétarsson, framkvæmdastjóri Héraðsverks

FRÉTTABLAÐIÐ/GUNNAR GUNNARSSON

Framtíðin er björt

Héraðsverk er verktakafyrirtæki á Egilsstöðum sem starfar víða um land. Sigurður Grétarsson framkvæmdastjóri segir næg verkefni framundan á Austurlandi.

„Héraðsverk var stofnað af 23 aðilum á Héraði sem allir voru í minni jarðvinnurekstri. Sumir áttu einn vörubíl og aðrir kannski vörubíl og gröfu. Þegar ráðist var í uppbyggingu Egilsstaðaflugvallar árið 1988 var ákveðið að sameina alla þessa krafta því hver og einn var of lítill til að bjóða í vinnu við völlinn en saman myndaði hópurinn sterka heild,“ segir Sigurður Grétarsson, framkvæmdastjóri Héraðsverks.

„Þetta var á þeim árum þegar útboðsaðferðin var að ryðja sér til rúms og með þessu áttum við möguleika á því að keppa um þetta stóra verkefni sem Egilsstaðaflugvöllur var og er reyndar enn. Núna

eru 10 virkir aðilar að fyrirtækinu. Á fjórða hundrað manns vinna hjá Héraðsverki og hluthöfum þess sem leggja áherslu á jarðvinnu og byggingarvinnu, og vinna mikið við til dæmis brúargerð og undurstöður undir línur.

Sigurður var nýverið fenginn á vegum atvinnuþróunarfélags Fljótaldshéraðs til að flytja erindi um framtíð verktakastarfs á Austurlandi. „Menn voru fyrst og fremst að ræða um hvernig þeir sæju framtíðina eftir að framkvæmdum við álver og virkjanir lyki hér fyrir austan. Ég lít svo á að verktakastarfsemi á landsbyggðinni sé ákveðið byggðamál. Það sem ég lagði aðallega út frá í erindi mínu var sú sýn sem ég hef á framtíðina hér, og ég held að hún byggist á þremur atriðum. Í fyrsta lagi að hafa ákveðna áhættudreifingu og reyna að skipta við fleiri en einn verkkaupa. Það borgar sig ekki að hafa öll egginn í sömu körfunni ef

eitthvað kemur upp á. Það gerir líka verkefni fjölbreyttari.

Í öðru lagi held ég að aðlögunarhæfni og breytileiki skipti miklu máli. Fyrirtækin þurfa að vera snögg að bregðast við breyttum aðstæðum. Menn geta ekki látið henda sig að vera með taugar til ákveðinna tækja, heldur að selja tæki og kaupa önnur sem henta í þau verkefni sem fyrir liggja.

Í þriðja lagi tel ég hreyfanleika skipta öllu máli, það að fyrirtækin séu ekki bundin við ákveðið svæði. Auðvitað eiga menn að hugsa um heimamarkaðinn en það þarf líka að skoða kosti víðar.“

Aðspurður um hvernig hann sjái framtíðina fyrir sér eftir að stórfamkvæmdum á Austurlandi lýkur segir Sigurður að horfurnar séu góðar. „Við erum með verkefni næstu þrjú árin, þar á meðal 60 km í vegagerð svo við litum björtum augum til framtíðarinnar.“

hnefill@frettabladid.is

Gæði á góðu verði Daewoo lyftarar



Partur-Spyrnan-Lyftarar • Eldshöfða 10 • 110 Reykjavík • Sími: 585-2500 • Fax: 567-9557

Vélaver hefur innflutning á Junkkari-sturtuvögnum

Fyrirtækið Vélaver hefur hafið innflutning á finnskum sturtuvögnum frá Junkkari. Junkkari Oy er finnskt fyrirtæki sem hannar, framleiðir og selur vélar og tæki fyrir landbúnað og skógrækt en það hefur framleitt og selt finnskum bændum vélar og tæki til landbúnaðar og skógræktar í áratugi.

Til að auka afköst og sveigjanleika framleiðslunnar í verksmiðjunni tók fyrirtækið í notkun aukna sjálfvirkni með iðnaðarróbótum sem sjá um vélsuðu og samsetningu ásamt því að allur skurður fer fram með nákvæmri leysitækni. Að því er fram kemur á vefsíðu Vélavers var Junkkari fyrsta hönnunar- og framleiðslufyrirtækið í Finnlandi sem uppfyllti ISO 9001 staðalinn og það uppfyllir einnig ISO 14001 umhverfisstaðalinn. Á vefsíðunni segir einnig að framleiðsla Junkkari henti bæði smáum sem stærri búum og verktökum.

Junkkari framleiðir einnig



Junkkari hefur mikla reynslu af framleiðslu ýmskonar landbúnaðarvéla.

krana, trjáflutningavagna, trjáklara og heilfóðurvagna svo eitthvað sé nefnt. Þriðjungur framleiðslunnar er seldur til landa innan Evrópu en mest er selt til Norðurlandanna.

Fyrsta sendingin af Junkkari sturtuvögnum kemur til landsins í lok mánaðarins og verða 10 og 13 tonna vagnarnir á sérstöku kynningarverði til að byrja með.



Oll réttindi áskilin. Einungis til kynningar

Leitaðu til sérfræðinga[©] þegar þú þarft á heimsmeistara í fjölhæfni að halda



Komatsu WA250PZ-5 er meira en hjólagrafa: Hún er vinnutæki sem getur leyst flest verkefni. Fjölhæfnin er fólgin í hugvitsamlega gerðu áhaldatengi sem sameinar kosti Z- og PT-tengja. Sem hjólaskófla er brotkrafturinn einstakur. Með göflum í stað skóflu lyftir gálginn vörubrettum lóðrétt eins og lyftari. Útsýn gegnum gálgann, sem er ný hönnun, er betri hjá WA250PZ-5 en hjá öðrum sambærilegum tækjum. Tölvustýrt glussadrifið er með sjálfvirkri breytilegri niðurfærslu sem gefur hámarksgríp og afburða lipurð. Hvort sem þú þarft fjölhæft og afkastamikið tæki í byggingarstarfsemi eða hvers konar framleiðslu er Komatsu WA250PZ-5 þessi makalaus lausn - sem þú hafðir næstum gleymt að væri til. Það gerist ekki betra hjá gröfum!



KOMATSU

 **KRAFTVÉLAR**

Dalvegi 6-8 201 Kópavogi - Sími 535 3500 - Fax 535 3501
www.kraftvelar.is

www.rs.is



KRANA MYNDAVÉLAR

Práðlaust myndavélakerfi fyrir sendibíla og byggingakrana



Myndavél með allt að
216 X zoom linsu
höggþolið og
vatnshelt.

R. SIGMUNDSSON
FISKISLÓÐ 16 | 101 REYKJAVÍK | SÍMI: 520 0000 | rs@rs.is




Magni verktakar hafa tekið nýja CAT-gröfu í sína þjónustu. Hún vinnur nú við hið umdeilda byggingasvæði við Helgafell.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Gervihnattabún- aður í vinnuvélum

Magni verktakar innleiða GPS-
staðsetningarbúnað í gröfurnar
sínar.

Magni verktakar fengu nýlega viðbót í tækjafloata sinn er þeir keyptu CAT234CL gröfu með íslenskum GPS-tækjabúnaði en fyrirtækið er í fararbroddi þeirra byggingafyrirtækja sem eru að innleiða GPS-staðsetningarbúnað í gröfurnar sínar. Vélin er nú að störfum á frægasta byggingasvæðinu á höfuðborgarsvæðinu, Helgafellinu í Mosfellsbænum.

Allur aðbúnaður fyrir gröfumanninn er sífellt að batna, vélarnar eru hljóðlátari, aflmeiri og gröfumadurinn er í betri aðstöðu til að stjórna skóflunni. Gröfumönnum fyrirtækisins hefur þótt Caterpillar-vélarnar reynast sér best og því ætla fyrirtækið að færa sig út í þær vélar í auknum mæli.

„Við erum að setja GPS í flestar vélarnar hjá okkur því við spörum alla mælingavinnu. Þetta verður miklu einfaldara og fljótlegra þannig. Við spörum hæðarmælingar við gatnagerð og í skurðum og getum grafið skurðina án þess að nota nokkra mælingamenn. Þetta er allt stillt inn í tækið og þá sjá gröfumenn á skjá hversu djúpt þarf að fara, hversu breitt og í rauninni fá þeir upplýsingar um allt sem þarf að grafa



Gröfustjórnendur sjá á skjá hversu djúpt þarf að grafa.

fyrir. Við þurfum þannig séð ekkert að nota neinar mælingar með þessu, nema bara til að fylgjast með,” segir Sölvi Jónsson verkstjóri.

Mælingamenn með kiki á þrífót á byggingasvæðum eru nánast liðin tíð, því GPS-tæknin hefur tekið yfir hlutverk þeirra en þeir sjálfir eru á hinn bóginn að taka staðsetningartæknina í sína þjónustu og vinna á annan hátt. Sölvi segir að lítil þörf verði fyrir mælingamenn í kringum gröfur þegar GPS-tæknin hefur rutt sér til rúms, en enn sem komið er er tæknin þó aðeins í litlum hluta af tækjum fyrirtækisins.

-nrg



JT 4020

JT 520

Stýranlegir jarðborar

- Getur borað allt að 250 m á dag.
- Sá eini í landinu sem borar í gegnum klappir allt að 400 m frá 6" – 12" göt.
- Borar allt að 300 - 600 m í einu.
- Borar fyrir nýjum lögnum.
- Mjög nákvæmur.
- Minna jarðrask og litlar tafir.
- 60 - 800 mm sverleiki.
- Borum undir ár, götur og vötn.
- Erum með 3 stærðir af borum.

LÍNUBORUN EHF www.linubor.is

Vagnhöfða 11 110 Reykjavík ☎ 577 5177 fax. 577 5178



Mælingamenn eru að verða óþarfir á byggingarsvæðum þar sem GPS-búnaður er í sumum af nýjustu vinnuvélum.



Starfsmaður Vélaverkstæðisins að störfum við nýja aflmælinn. MYND/JÓSIHA

Traktorar peppaðir upp

Vélaverkstæði Þóris á Selfossi tók nýlega í gagnid fullkominn aflmæli fyrir dráttarvélar. Mælirinn, sem er sá eini sinnar tegundar í landinu, nýttist vel við bilanagreiningu og ástandsskoðun og flýtir mjög fyrir þeirri vinnu. Traktorar og aðrar notaðar vélar sem hafa einungis verið látnar vinna auðveld störf eiga það til að missa afl með tímanum. Ef grunur leikur á að vél skili ekki nægilegu afli er afar einfalt að sjá hvað hún getur. Aflmælirinn er þá tengdur við vélina og á hana sett fast álag í einhvern tíma, þannig getur aflið stigið verulega þegar vélin fær að ganga undir álagi.

Þórir L. Þórarinnsson, stofnandi fyrirtækisins, er ánægður með nýja tólið. „Þetta flýtt

ir mikið fyrir. Við aflmælum allar vélar sem við gerum við og nýju vélarnar sem við standsetjum og athugum ástandið á glussadælunum. Nú getum við prentað út á blaði línurit yfir það hvernig vélin vinnur, í hestöflum sem og newtonmetrum, sem er togið í vélinni. Þetta er í rauninni rafall sem við tengjum í aflúrtakið í traktornum sem síðan bremsar vélina niður. En rafallinn tekur allt upp í 700 hestöfl.“

Vélaverkstæði Þóris vinnur mikið fyrir verkta og bændur og fer starfsfólk þess víða um land að vinna. Hjá verkstæðinu starfa um fimmtán manns yfir sumartímann og sérhæfir það sig í vinnuvelum, vörubílum og landbúnaðargeiranum.

- nrg



Jarðýtur



Hjólaskóflur



Jarðvegsvaltarar



Flokkunarskóflur


Vélar & tækja

ÚRVAL VINNUVÉLA OG TÆKJA

Þegar fjárfesta á í vinnuvelum er ómetanlegt að sérfróðir fagaðilar séu með í ráðum. Við hjá MEST fylgjum viðskiptavinum okkar alla leið og veitum honum alhliða fagþjónustu og tækniráðgjöf varðandi vinnuvelarnar okkar. Hjá MEST fæst mikið úrval véla og tækja, þar á meðal Bomag, Liebherr og Yanmar vinnuvelar.

Láttu þaulreynt fagfólk aðstoða þig.

Hafðu samband við söluheld véla & tækja á Malarhöfða 10 í síma 4 400 540 og aflaðu þér upplýsinga



Beltagröflur



– allt til bygginga


Malarhöfða 10, 110 RVK



Þekking • Reynsla • Traust þjónusta

Vörubílastöðin Próttur býður fjölbreytta þjónustu og ræður yfir stórum flota atvinnutækja til margvíslegra verka.

- Hefðbundnir vörubílar.
- Dráttarbílar með malarvögnum.
- Allar stærðir kranabíla með eða án flatvagna.
- Fjölmargar gröfur frá þeim minnstu upp í 45 tonna tæki.
- Fáðu gott tilboð í jarðvinnuframkvæmdir eða flutning hjá félögum Próttar.



Vörubílastöðin Próttur • Sævarhöfða 12 • Sími 5775400 • throttur.is

OIL & STEEL



**Liprar og léttar
körfulyftur
með mikla
lyftigetu**

Beltadrif eykur notkunarmöguleika

Hafið samand við sölumann!

RAFVER

SKEIFAN 3E-F • SÍMI 581-2333 • FAX 568-0215 • WWW.RAFVER.IS

Vasaútgáfa af búkollu

Ræktunarsamband Flóa og Skeiða fékk nýlega Hydrema búkollu.

„Eins og nafnið „Ræktunarsamband Flóa og Skeiða“ gefur til kynna eru margir sem halda að þetta séu tveir karlar með hjólbörur og svoleiðis,“ sagði Ólafur Snorrason í gríni við blaðamann sem vissi lítið um eðli starfseminnar. Forsagan er sú að á sínum tíma var fyrirtækið stofnað til að grafa niður mýrar með framræsluskurðum og þurrka landið þannig upp. Um miðbik 20. aldar var stór hluti Flóans á Suðurlandi ein fúamýri sem ríkið vildi breyta í ræktarsvæði. Með tíð og tíma óx Ræktunarsambandinu ásmegin og verksvið þess víkkaði út. Í dag sinnir það meðal annars jarðborunum, sprengivinnu, lagningu slitlags og myndun sjóvarnargarða.

Tækjakosturinn var ekki mikill í upphafi, en fyrsta grafan var að hluta til keypt fyrir tilstuðlan styrks frá Búnaðarfélagi Íslands. Fyrirtækið er nú svo stórt að það á tíu stórar búkollur, einar tuttugu gröfur og átta jarðbora sem bora eftir heitu og köldu vatni.

Nýlega bættist í tækjafloata fyr-



Ræktunarsamband Flóa og Skeiða bætti þessari Hydrema 912 Dumper í flotann nýlega.

MYND/JOSIHA

irtækisins Hydrema 912C dumper, sem er nokkurs konar vasaútgáfa af búkollum sem vinna í námum. Helsti munurinn annar en stærðin er sá að litla búkollan má keyra á öllum götum því hún er skráð sem vinnuvél en ekki námabifreið.

„Við notum hana bara sem vörubíl, það er hægt að sturta með henni út á hlið, pallurinn snýst á kransi

og getur sturtað í allar áttir nema fram fyrir sig. Það er gott að nota hana til að sanda í skurði og alls konar frágangsvinnu. Hún er skráð sem vinnuvél svo hún notar bara litlaða olíu og þar af leiðandi helmingsi ódýrari í rekstri en vörubílar. Þannig að þetta er mjög praktískt tæki þar sem við á,“ segir Ólafur.

-nrg

*Ert þú leið(ur) á
að skipta um perur?*

DÍÓÐULJÓ SIN FRÁ OKKUR ERU:



ORKUSPARANDI
ÓBRJÓTANDI
10.000 KLST. ÁBYRGÐ
PASSA FYRIR ALLAR
GERÐIR VÖRU- OG
FLUTNINGABÍLA



et hf VERSLUN

Klettagarðar 11, 104 Reykjavík
Sími 568 1580 • Fax 568 0844

Ljósín frá okkur geta lýst leið þína lengi lengi ...



TRUCK - LITE

Ljósasamlökurnar frá okkur eru:

ÓBRJÓTANDI
HÖGGPOLNAR
ENDAST OG ENDAST



**Lært á
vinnuvél**

Vinnuvélanámskeið eru haldin á vegum Nýja ökuskólans í Klettagörðum. Námskeiðið gefur rétt til prófs á allar gerðir og stærðir vinnuvéla. Námskeiðið er samkvæmt reglugerð Vinnueftirlits ríkisins, nauðsynlegt til þess að geta gengist undir verklegt próf á vinnuvélar.

Nemendur verða að vera 17 ára eða eldri, með almenn ökuréttindi, en það er forsenda fyrir því að geta verið með vinnuvélar í umferð utan lokaðra vinnusvæða. Námskeiðsstaður í Reykjavík: Í húsi skólans að Klettagörðum 11 Sundahöfn, en í sama húsi er verktafa- og flutningafyrirtækið ET og skoðunarstöðin Athugun.

Nánari upplýsingar á www.meiraprof.is



Vökvadælar

Vökvamótorar

Stjórnbúnaður

**SAUER
DANFOSS**

What really matters is inside

Danfoss hf

Skútuvoði 6 • 104 Reykjavík • Sími 510 4100 • www.danfoss.is



MultiOne-liðléttingar fást hjá Vélum og Þjónustu.

● **VÉLAR OG ÞJÓNUSTA** hafa gert samning við ítalska framleiðandann MultiOne um sölu á liðléttingum. MultiOne býður upp á breiða línu af liðléttingum í ýmsum stærðum og útfærslum. Fyrstu vélarnar eru á leiðinni og er von á þeim í lok júlí. Liðléttingur er vélknúíð tæki sem auðveldar mönnum mörg störf. Hann er ekki ólíkur bobcat að stærð en er með liðamót í miðju sem gera hann lipran. www.velar.is

Yuchai

Mest seldu smá-beltagröfur á Íslandi 2006



VÉLAR:ÞJÓNUSTA

Járnhálsi 2 110 Reykjavík Sími 5 800 200 www.velar.is
Höldur á Akureyri er söluaðili fyrir V&P á Norðurlandi

Flytjum allar gerðir vinnuvéla

Fljót og góð þjónusta

KRÖKUR

DRÁTTARBÍLAR

Sími 564 3800
Dalvegí 24 201 Kópavogur Fax 564 3802

Auglýsingasími

512 50 50

- Mest lesið

Akralind 4 201 Kópavogur

Sími 544 4656 Fax 544 4657 mhg@mhg.is

Leysir af hólmi K650 og K700

Partner K1250 / Þyngd 14,8 / Skurðd. 14,5 cm.

Partner K750 / Þyngd 9,4 kg / Skurðdýpt 10 cm
Partner K750 / Þyngd 9,7 kg / Skurðdýpt 12,5 cm

Partner K2500 / Þyngd 8,3 kg / Skurðd. 14,5 cm.

Partner K350 / Þyngd 11,2 kg / Skurðdýpt 14,5 cm

Partner K3600 / Þyngd 7,9 kg / Skurðd. 26,8 cm.

Partner HP 40 bensínvirkvæðsla fyrir: Partner K2500 & Partner K3500
Þyngd 88 kg / 18 hó B&S

Skurðveggi

DIMAS hand - kjarnabevlar

DIMAS hringstærðblíð

DIMAS ELD 20/ELO 45/ELO 70/ELO 90
Purr & blaut steinsögublíð

DIMAS kjarnastandar

DIMAS kjarnabær

PARTNER CUTTING EXPERTS OF THE WORLD

The smart way. **DIMAS**

ÖFLUG TÆKI TIL ALLRA VERKA ...OG ALLT FYRIR ÖRYGGIÐ



Eigum á lager bensín- og dieseldrifnar **RAFSTÖÐVAR** 1-60 kw. Einnig fáanlegar í hljóðeinangruðum húsum



Eigum ávalt á lager **HÁPRÝSTI-DÆLUR** í öllum stærðum

- Rafmagnsdrifnar
- Diesel drifnar
- Bensín drifnar

Mikið úrval af fylgihlutum.



Eigum á lager öflugar bensín- eða dieseldrifnar **VERKTAKADÆLUR** til allra verka
Afkastageta: 500-1800 lítrar á mínútu, 2-4 tommu

Eigum á lager hljóðlátar, öflugar iðnaðar**RYKSUGUR** fyrir ryk og vatn. Eins, tveggja og þriggja mótoru



Dynjandi er brautryðjandi í öryggismálum á vinnustöðum. Við sérhæfum okkur í öryggisbúnaði og vinnufatnaði og höfum áratuga reynslu á því sviði þannig að þú getur treyst því að hitta á sérfræðinga þegar þú leitar til okkar.

Einnig bjóðum við öflug tæki til ýmissa verka, rafstöðvar, ryksugur, vatnsdælur, rafstöðvar og fleira.

Stuttur afgreiðslutími á sérþöntunum

Skeifan 3
108 Reykjavík
Sími 588 5080
www.dynjandi.is

DYNJANDI
allt fyrir öryggið



nýju sniði

Það varðar tæknipróun í flugvélaíðnaði og í aðbúnaði þeirra sem nota flugvélaútlag með fyrstu vélarnar. Eftirspurn eftir nýju vélunum hjá Icelandair var viðstaddur frumsýningu Dreamliner-þotunnar.

Það er notaðar í áætlunarferðum sem þegar eru í gangi, eða hvort horft verði til nýrra og jafnvel fjarlægari áfangastaða. „Ljóst er að tækifæri skapast og við höfum áður upplýst að við séum að skoða áfangastaði í Asíu og víðar. Með þessum nýju vélum getum við gert nánast hvað sem við viljum, markaðssvæðið margfaldast.“

Sigþór Einarsson bendir einnig á að vélarnar séu fleiri kostum búnar en langdrægi. „Þær eru léttari og sparneytnari og eru þess vegna hagkvæmari þótt ekki sé verið að nýta allt langdrægið. Vélarnar sýnist okkur að geti líka passað ágætlega inn á núverandi leiðakerfi. Þótt markaðirnir hafi verið að stækka

þá sjáum við líka þörf fyrir þessa stærð af vélum strax árin 2010 og 2012 þegar þær koma.“

Jón Karl segir kaupin á 787 vélunum jafnframt hafa verið eðlilegt framhald í viðskiptasögu Icelandair og Boeing. „Síðan 1988 og 1989 höfum við verið með 757 vélar en þær eru ekki framleiddar lengur og við komin að því að taka næstu skref. Félagið hefur stækkað ört og við þurfum að taka inn stærri vélar.“ Þá segir hann samstarf Icelandair og Boeing hafa verið mjög langt og farsælt og þurfi því ekki að koma á óvart að áframhald verði þar á, þótt vissulega hafi aðrir kostir einnig verið skoðaðir.



FULLTRÚAR ICELANDAIR VIÐ NÝJU VÉLINA Guðjón Arngrímsson upplýsingastjóri, Jón Karl Ólafsson forstjóri, Sara Reginsdóttir flugfreyja og fulltrúi Icelandair á sýningarhátíð Boeing og Sigþór, Einarsson framkvæmdastjóri rekstrarsviðs Icelandair Group, stílla sér upp innan um þúsundir manna sem allir vildu ólmir skoða Dreamliner-farþegaþotuna sem þau standa undir. MARKAÐURINN/ÓKÁ

Icelandair var fyrsta evrópska flugfélagið til að panta Dreamliner-vélar og kom þannig mjög snemma inn í ferlið ... nýtur félagið þess í kjörum auk þess sem ákveðin tækifæri hafi orðið til á endursölumarkaði vegna mikils áhuga á vélinni.



PREDRAG LAKIC Hér má sjá einn verkfræðinganna sem komu að byggingu og hönnun Dreamliner-þotunnar benda stoltur á handverk sitt, festingar í væng og vængbarði vélarinnar. Hann segir Dreamliner-þotuna eitthvert mesta framfaraspör í flugsögunni frá því að Comet, fyrsta tveggja hreyfla þotan, kom fram á sjónarsviðið árið 1930. „Það líða örugglega hundrað ár þar til viðlíka framfaraspör verður stigið í flugsögunni,“ segir hann. MARKAÐURINN/ÓKÁ

Blað brotið í flugsögunni

Hjá Boeing eru menn þess fullvissir að hafa brotið blað í flugsögunni með nýju vélinni. Sérfróðir segja hana eins og geimskutlu við hlið annarra véla og standi jafnvel geimskutlum frammar á sumum sviðum, svo sem hvað varðar flugstjórnarhugbúnað. Dreamliner-vélin er búin til úr nýjum efnum, svokölluðum kolefnistrefjasamsetningi, sem stórbæta eiga flughæfni hennar í samanburði við aðrar vélar, hún verður búin allra nýjustu samskiptatækjum, hún er sögð fimmtungi sparneytnari en aðrar vélar, fraktrými vélarinnar er um 45 prósentum meira, hún er miklu hljóðlátari, hvort heldur sem það er að innan eða utan, og allar innréttingar hafa verið teknar gjörsamlega í gegn. „Við höfum endurvakið töfra flugsins,“ sagði Jeff Hawk, framkvæmdastjóri vottana, samskipta við stjórnvöld og umhverfismála við framleiðslu 787 vélarinnar. „Núna geta til dæmis fleiri notið útsýnis en sá einn sem situr við guggasæti,“ bætir hann við.

Þá hefur loftþrýstingur um borð verið aukinn þannig að fólk finnur minna fyrir lofthæðinni og rakastig um borð hefur verið aukinn þannig að dregur úr vatnsþambi

og skrælnuðum vörum og hálsnum í ferðalögum. Þetta er ef til vill eins gott því vélin er langdrægari en forverar hennar, getur verið allt að nítján tíma í lofti í einu. Drægi vélarinnar er 15.200 kílómetrar, þannig að fljúga má henni beina leið nánast hvert sem er í heiminum. Þá hefur verið dregið úr hristingi með tækni sem líkja má við að vélin „blaki vængjunum“ án þess að hrista til farþegarýmið.

Jeff Hawk segir samt að þótt með nýju vélinni hafi verið unnið afrek í flugvélahönnun, því kol-trefjaplastið má móta þannig að flughæfnin verði sem allra best, séu menn alls ekki hættil framþróun. „Með nanótækni sjá menn fyrir sér að í framtíðinni megi gera byggingarefni flugvélarinnar enn léttara með því að gera kolefnisþræðina í plastefninu hola að innan.“

Aukinheldur hefur Boeing brotið blað í framleiðsluháttum á nýju vélinni með því að kalla til samstarfs við sig fyrirtæki um allan heim við að búa til ólíka hluta vélarinnar. Hingað til hefur framleiðsla og smíði Boeing-véla verið í höndum fyrirtækisins sjálfs. Núna eiga fleiri heildurinn og fá um leið hlutdeild í söluhagnaði vélanna.

MIKE BAIR Auðsótt mál var að fá Mike Bair, yfirmann 787 verkefnisins hjá Boeing, til að stílla sér upp við líkan af nýju farþegaþotunni kynningarhelgi vélarinnar í byrjun mánaðarins. Fulltrúum fjölda miðla var boðið til Seattle í Bandaríkjunum til að kynna sér nýju vélinu og heyrja í forsvarsmönnum fyrirtækisins. MARKAÐURINN/ÓKÁ



MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkið...

Sparsjóður Reykjavíkur og nágrennis hefur upplýst um fyrirhugaða breytingu á sjóðnum í hlutafélagsform.

Sparsjóðirnir þurfa að breytast

Óli Kristján Ármannsson

SPRON hefur upplýst um fyrstu skref stjórnar sjóðsins í þá átt að breyta honum í hlutafélag. Stórfelldar breytingar hafa átt sér stað á bankamarkaði hér á örfáum árum þar sem smábankar hafa breyst í alþjóðlegar fjármálastofnanir. Fagna ber viðleitni sparisjóðsins í þá veru að gera sig gildandi í virkri samkeppni við risana á heimamarkaði og gera má ráð fyrir að sama metnað sé að finna í öðrum sparisjóðum.

Rekstrarform sparisjóðanna er þeim hins vegar fjötur um fót í samkeppninni og hljóta því þeir sem umhugað er um samkeppni á íslenskum bankamarkaði að styðja sjóðina í því að breyta rekstrarformi sínu.

Í viðtali við Guðmund Hauksson, sparisjóðsstjóra SPRON, hér í blaðinu, kemur fram að til þess að fá hagfelldara lánshæfismat hjá alþjóðlegum matsfyrirtækjum þurfi sjóðirnir að breyta rekstrarfyrirkomulagi sínu. Með betra lánshæfismati batna þau kjör sem fjármálastofnunum standa til boða á alþjóðlegum fjármagnsmörkuðum, en á slíka markaði hafa íslensku bankarnir sótt sér peninga í útrás sinni og fjármögnun lána.

Í einhverjum tilvikum kunna samt fleiri en stofnfjáreigendur einir að gera tilkall til eignarhlutar í sparisjóði sem breytt er í hlutafélag, einfaldlega vegna þess að viðskiptavinir sjóðanna hafa átt sinn þátt í uppgangi þeirra með því að geyma þar peningana sína. Þetta mun þó ekki eiga við um SPRON vegna þess að yfir 90 prósent af eigin fé sjóðsins hefur myndast á nokkuð skömmum tíma, í gegnum arð af rekstri og vegna þess að stofnfjáreigendur hafa lagt sjóðnum til fé. Óráðstafað eigið fé frá fyrri tíð er því litill þáttur í eiginfjárstöðu sjóðsins. Óvíst er að sömu sögu sé að segja um smærri sparisjóði sem þá þyrftu að grípa til aðgerða til að koma sér í þá stöðu að geta breytt rekstrarformi sínu.

Í orðræðu fyrri ára um breytt rekstrarform sparisjóða komu fram þau rök að forða þyrfti sjóðunum frá því að verða keyptir upp af stærri fjármálastofnum því þar með myndi aukast hér fákeppni. Síst verður að teljast betra að sjóðirnir veslist upp í samkeppninni vegna þess að rekstrarformið gerir þeim ekki kleift að fá viðunandi kjör í fjármögnun á starfsemi sinni. Þá má ekki gleymast að með breyttu formi er sjóðunum líka gert auðveldara að vaxa og dafna með samruna við smærri fjármálastofnir.

Með sameiningum og breytingum í rekstri, sókn inn á ný markaðssvæði og viðskiptum með eignarhluti hafa sparisjóðirnir sýnt allt annað en vilja til að leggja upp laupana og gera má ráð fyrir að með breytingum á rekstrarformi haldi þeir áfram að sýna af sér sama dugnað og vilja til þess að efla starfsemi sína. Ljóst má því vera að breytinga er þörf á lögum um sparisjóði til þess að auðvelda megi þeim að taka skref til framþróunar og framtíðar þar sem þeir geti einnig vaxið og dafnað líkt og bankarnir.

eggert@markadurinn.is | haffidi@markadurinn.is | holmfridur@markadurinn.is | jonab@markadurinn.is | jsk@markadurinn.is | olikr@markadurinn.is

Sumarstemning

HEITASTA VÉLIN

Canon EOS 400D
með 18-55mm linsu



10,1 milljón pixla
2,5" skjár
Níu punkta fókus
Digic II örgjörvi
3 rammar á sek.
allt að 27 rammar í burst
Picture style – mismunandi litir og áhrif
Hugbúnaður til RAW vinnslu í tölvu
Video out
Vegur aðeins 510 grömm
Val á yfir 60 linsum við vélin

HANS PETERSEN

Bankastræti Fjörður Kringlan Laugavegur 178 Smáralind

Skrítinn hlutabréfamarkaður

ORD Í BELG

Stefán B. Gunnlaugsson, sérfræðingur hjá Íslenskum verðbréfum og lektor við viðskipta- og raunvísindadeild Háskólans á Akureyri.



svara með því að nota einfalda tæknigreiningu.

Fljótandi meðaltal (e. moving average) er einfalt meðaltal sem mikið er notað við svokallaða tæknigreiningu, bæði á hlutabréfamörkuðum, en einkum á gjaldyrismörkuðum. Þetta meðaltal er reiknað á einfaldan hátt. Segjum að við viljum reikna út 70 daga fljótandi meðaltal úrvalsvisítölunnar. Það gerum við með því að reikna út meðaltal síðustu 70 viðskiptadaga. Meðaltalið er fljótandi því næsta dag kemur einn nýr dagur inn við útreikning á meðaltalinu en seinasti dagurinn dettur út og svo koll af kalli.

Á mynd 2 er sýnd þróun úrvalsvisítölunnar og 70 daga fljótandi meðaltals frá ársbyrjun 2003 til loka júní sl. Á myndinni sést að stærstan hluta þessa tímabils hefur úrvalsvisítalan verið fyrir ofan fljótandi meðaltal. Athyglisvert er að skoða þá punkta þar sem úrvalsvisítalan sker meðaltalið. Það gerist afgerandi fjórum sinnum. Fyrst í október árið 2004 en þá fer úrvalsvisítalan niður fyrir fljótandi meðaltal í skammvinnri niðursveiflu. Vísitalan sker síðan aftur 70 daga fljótandi meðaltal í janúar 2005. Hún er síðan samfellt fyrir ofan það allt þar til mars 2006. Þá taka við nokkrir mánuðir þar sem vísitalan er fyrir neðan meðaltalið en hún rífur það aftur í ágúst 2006. Frá þeim tíma hefur úrvalsvisítalan verið fyrir ofan fljótandi meðaltal. Augljóst er að náðst hefði mjög góð ávöxtun á þessum tíma ef farið hefði verið inn í hlutabréfamarkaðinn þegar úrvalsvisítalan skæri fljótandi meðaltal og færi yfir það, og aftur út úr markaðnum, þegar úrvalsvisítalan færi niður fyrir það.

„THE TREND IS YOUR FRIEND“

Óhætt er að segja að ávöxtun íslenska hlutabréfamarkaðsins hafi verið ótrúlega góð. Frá ársbyrjun 1993 til loka júní 2007 hefur hlutabréfaverð rúmlega 22-faldast, mælt í hækkun úrvalsvisítölunnar, en það samsvarar 23,9% árlegri ávöxtun. Þetta er einhverj sý hæsta, ef ekki sú hæsta ávöxtun, sem sést hefur á alþjóðlegum hlutabréfamörkuðum. Einkennit hefur íslenskan hlutabréfamarkað að komið hafa löng tímabil hækkana og styttri tímabil lækkana, eins og sést vel á mynd 1.

Lengsta samfellda tímabil hækkana var frá byrjun febrúar 1995 til loka september 1996. Þá hækkadi úrvalsvisítalan hvern einasta mánuð í 20 mánuði. Lengsta tímabil lækkana var frá ársbyrjun 2001 til loka júlí sama ár en þá var samfelld lækkun hvern einasta mánuð í 7 mánuði. Tölfræðipróf gefa eindregið til kynna að þessi hegðun hafi ekki verið tilviljanakennd, þ.e. söguleg ávöxtun hafi haft spágildi. Því hafi verið marktækt að á eftir góðum mánuði hafi verið meiri líkur á ágætum mánuði og á eftir slæmum mánuði hafi verið meiri líkur á neikvæðri ávöxtun. Því hefur enska orðtakið: „The trend is your friend“ átt vel við.

FLJÓTANDI MEÐALTAL

Nú má spyrja. Hvernig er hægt að vita hvort markaðurinn sé í uppsveiflu og hvenær hann sé í niðursveiflu? Og í framhaldi, hvenær á að kaupa og selja hlutabréf og hvaða árangri hefði það skilað? Þessum spurningum má

VIÐSKIPTAREGLA

Í framhaldi af þessum niðurstöðum er áhugavert að búa til svokallaða viðskiptareglu (e. trading rule) og kanna hvaða árangri hún hefði náð. Viðskiptareglan væri þá: „Við erum inni á hlutabréfamarkaðnum þegar úrvalsvisítalan er fyrir ofan 70 daga fljótandi meðaltal. Ef vísitalan er fyrir neðan fljótandi meðaltalið þá ávöxtum við fjármuni okkar á áhættulausum vöxtum.“ Tekin er ákvörðun um fjárfestingar fyrsta viðskiptadag hvers mánaðar. Því fjárfestum við í úrvalsvisítölunni í byrjun þess mánaðar þar sem gildi úrvalsvisítölunnar væri fyrir ofan fljótandi meðaltal og héldum eign okkar allan mánuðinn. Annars ávöxtum við fjármuni okkar á áhættulausum vöxtum. Viðskiptareglan er síðan prófuð frá ársbyrjun 1993 til loka júní í ár en ekki er tekið tillit til viðskiptakostnaðar.


Í töflu 1 sést árleg ávöxtun viðskiptareglunnar og samanburður við úrvalsvisítöluna. Þar sést að ávöxtun viðskiptareglunnar er mun betri en vísítölunnar, en þar munar 8,2% í árlegri ávöxtun. Einnig er athyglisvert að áhætta reglunnar er mun minni, en staðalfrávik hennar er 8,9% lægra en staðalfrávik úrvalsvisítölunnar. Minnkun áhættu er einkum vegna þess að viðskiptareglan gefur aldrei neikvæða ávöxtun á þessum tíma en þrjú ár lækkadi úrvalsvisítalan. Sjö ár er viðskiptareglan með betri ávöxtun en úrvalsvisítalan, sömu ávöxtun í fjögur ár, en fjögur ár er ávöxtun viðskiptareglunnar lakari. Ávöxtun reglunnar er samt aldrei verulega lakari heldur en vísítölunnar. Mest 14,0% lakari 2005 en hins vegar skilar reglan mest 31,1% betri ávöxtun árið 2001.

ÁVÖXTUN Í FORTÍÐ OG FRAMTÍÐ

Þessar niðurstöður koma verulega á óvart. Svipaðar niðurstöður hafa ekki sést á rannsóknum á alþjóðlegum hlutabréfamörkuðum. Þar hefur almennt ekki verið hægt að ná umframávöxtun með einföldum viðskiptareglum og ávöxtun í fortíð hefur ekk-

MYND 1

PRÓUN ÚRVALSVÍSÍTÖLUNNAR FRÁ ÁRSBYRJUN 1993 TIL LOKA JÚNÍ 2007



MYND 2

PRÓUN ÚRVALSVÍSÍTÖLUNNAR FRÁ ÁRSBYRJUN 2003 TIL LOKA JÚNÍ 2007



UM VÍÐA VERÖLD

Einkavæðingarhökkrar í Egyptalandi

Economist | Einkavæðingin heldur nú innreið sína víða um lönd. Egyptska ríkisstjórnin hefur tekið ákvörðun um að einkavæða Kaíróbanka, annan

bankann af áður fjórum stærstu ríkisbönkunum þar í landi. Greinarhöfundur á vefsíðu Economist lýsir efasemdum um hvort einkavæðing bankans muni ganga jafnvel og Alexandríubanka sem seldur var ítalska bankanum San Paolo ImI í fyrra fyrir 1,6 milljarða Bandaríkjadala. Í það skipti hafði einkavæðingin verið vandlega skipulögð í áraradi. Ekki þykir eins bjart yfir einkavæðingu Kaíróbanka.

Vangaveltur um Englandsbanka

Guardian | Í breska dagblaðinu Guardian er haft eftir Simon Wallace, hagfræðingi hjá Miðstöð efnahags og viðskiptarannsóknna (Centre for

Economic and Business Research), að hækkandi smásöluverð og vægar verðhækkningar aðrar hafi aukið líkur á því að Englandsbanki hækki vexti sína að minnsta kosti einu sinni enn á þessu ári. Hærra vaxtastig muni svo styðja við styrkt gengi pundisins gagnvart dollar. Vaxtahækkun bankans er spáð í nóvember.

SAMNINGATÆKNI

Allar ferðir hefjast með einu skrefi

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra hitti í gær Shimon Peres, nýkjörinn forseta Ísraels, á ferð sinni um Ísrael, palestínsku sjálfstjórnarsvæðin og Jórdaníu. Peres (þá utanríkisráðherra) fékk friðarverðlaun Nóbels árið 1994 ásamt Yasser Arafat og Yitzhak Rabin fyrir árangursríkar friðarumleitanið sem ólu af sér svokallað Oslóarsamkomulag – tímamótasamkomulag sem gaf von um varanlegan frið, en rann út í sandinn vegna heitstrenginga og vítahings ofbeldisverka.

Erfitt er að ímynda sér deilu sem er jafn hatrömm, erfið og margslungin og deila Ísraels og Palestínumanna. Þess vegna er lærdómsríkt að skoða þá samningatækni sem Peres, Arafat og Rabin beittu í aðdraganda Oslóarsamkomulagsins – því ef þessir herra menn gátu komist að samkomulagi þá eiga allir að geta það!

FORSAMKOMULAG

Stundum eru deilur einstaklinga og fyrirtækja svo djúpstæðar, flókar og tilfinningaríkar að þær virðast allt að því óyfistíganlegar. Listin við að leysa þær er að ætla sér ekki um of í upphafi – að stefna ekki að stórkostlegri og endanlegri heildarlaun.

Gillespie og Bazerman (sjá m.a. Negotiation Journal apríl 1998) setja fram samningatækni

ert haft forspárgildi um ávöxtun í framtíð. En hvað veldur þessu? Líklegt er að einsleitni íslenska hlutabréfamárkadsins og fáir fjárfestar skýri þessar niðurstöður. Hugsanlega valda fáir fjárfestar, sem þekkjast vel og fylgjast vel hver með öðrum, því að skoðanir manna verða einsleitar og fjárfestar elta hverja aðra. Það leiðir til þess að hreyfingar á markaði verða einsleitar og því sýnir markaðurinn lengi leitni til hækkana og einnig til lækkana.

Frá áramótum hefur ávöxtun íslenskra hlutabréfa verið frábær, eins og hún hefur verið nær samfelld frá ársbyrjun 2003. Markaðurinn hefur verið í uppsveiflu og er úrvalsvísitalan núna þegar þetta er skrifað fyrir ofan 70 daga fljóttandi meðaltal. Samkvæmt því sem hér hefur verið rakið þá eru horfur áfram góðar og líkur á frekari hækkunum. Hins vegar skipast oft veður skjótt í lofti, markaðurinn getur breytt um stefnu, og ættu fjárfestar að fylgjast vel með þróuninni.

**TAFLA 1:
ÁRLEG ÁVÖXTUN
VIÐSKIPTAREGLU OG
ÚRVALSVÍSITÖLUNNAR**

Ártal	Úrvalsvísitalan	Viðskiptaregla
1993	-12,0%	9,0%
1994	24,9%	24,8%
1995	34,1%	34,1%
1996	59,3%	59,3%
1997	14,7%	41,0%
1998	9,8%	13,9%
1999	47,4%	42,6%
2000	-19,3%	10,4%
2001	-11,2%	19,9%
2002	16,7%	14,6%
2003	56,4%	56,4%
2004	58,9%	61,0%
2005	64,7%	50,7%
2006	13,1%	13,7%
2007*	29,5%	29,5%
Meðalávöxtun	23,9%	32,1%
Staðalfrávik	27,6%	18,7%

*frá 1. janúar til 30. júní

Heimild: Kauphöll Íslands

sem byggist á því að deiluoðilar hefja viðræður sem fyrirsjáanlegt er að verði erfiðar með því að gera forsamkomulag (e. Pre-settlement settlement). Forsamkomulagið er formlegt þar sem það er skriflegt og felur í sér bindandi skuldbindingar, það er tímabundinn andanfari þar sem því er ætlað að víkja fyrir endanlegu samkomulagi og það er takmarkað þar sem það tekur ekki til allra þeirra atriða sem semja þarf um.

HAGNÝT SKREF TIL ÁRANGURS

Peres, Arafat og Rabin gerðu

sér engar grillur um að þeir gætu sest niður og leyst erfið ágreiningsefni eins og landamæri sjálfstæðs ríkis Palestínnumanna, framtíðarfyrirkomulag á herteknu svæðunum eða skiptingu Jerúsalem. Hins vegar gátu þeir samið um að Ísraelar myndu frelsa kvenfanga og hörfa frá Hebron á sama tíma og Palestínnumenn framseldu hryðjuverkamenn og drægju úr hermætti. Þannig gætu þeir lagt grunninn að viðræðum um framtíðarlausn. Þeir skrifuðu undir formlegan samning með bindandi skuldbindingum um takmörkuð atriði sem ætlað var að mynda grunn fyrir viðræður um endanlegt samkomulag.

EKKERT KJAFTSHÖGG OG ENGIN SVIK

Ein útfærsla á forsamkomulagi er að samningsaðilar gera samkomulag um að skaða ekki skilgreinda grundvallarhagsmuni hvors annars innan ákveðins tímaramma meðan samið er um endanlega niðurstöðu. Hægt er að gera forsamkomulag skilyrt þannig að t.a.m. þegar gert er samkomulag við endursöluaðila þá fari þóknun til að byrja með eftir söluárangri en endanlegt samkomulag verði gert innan ákveðins tíma.

Einnig er hægt að brúa bilið milli andstæðra hagsmuna með því að gera t.d. samkomulag milli byggingaraðila og nágranna um

að jarðvegsframkvæmdir geti hafist en byggingin verði ekki yfir skilgreindri hæð – með það fyrir augum að ná endanlegu samkomulagi um framkvæmdirnar innan skilgreinds tíma.

Útfærslurnar eru margar en það er skynsamlegt að velja fyrir sér forsamkomulagi ef a) það er fræðilega mögulegt að ná framtíðarsamkomulagi, b) forsamkomulag er skárri en ekkert samkomulag og c) það er ekki mögulegt að ná framtíðarsamkomulagi eins og sakir standa.

Aðalsteinn Leifsson, lektor við Háskólann í Reykjavík og kennari í samningatækni.



Auðvitað fær maður athygli enda ekki á hverjum degi sem von er á svona glaðningi

HANN ER SETTUR
11. ÁGÚST

VERÐ FRÁ
2.368 KR.

SYN2
enski boltinn

512 5100 | SYN.IS | VERSLANIR VODAFONE

FÓLK Á FERLI

SKÚLI JÓNSSON hefur verið ráðinn deildarstjóri samskipta vegna línuúthluta-



ana og útskrifta hjá Milu. Skúli hefur starfað hjá Símanum í fjölda ára, nú síðast starfaði hann sem verkefnastjóri við línuúthlutun, en þar áður sem verkefnastjóri

hjá aðgangsneti Símans og var þar yfir rekstri. Fyrir þann tíma var Skúli verkstjóri bilanatilkyninga Símans, auk annarra starfa hjá Símanum. Skúli er menntaður símsmiður og hefur mikla reynslu á sviði fjarskipta.

HREIÐAR ÞÓR HRAFNSSON hefur verið ráðinn deildarstjóri framkvæmda hjá Milu. Áður var



Hreiðar deildarstjóri framkvæmda hjá Símanum. Þar á undan starfaði Hreiðar sem tæknifræðingur hjá Línuhönnun og hann hefur einnig starfað sem símsmiður hjá Símanum. Hreiðar útskrifaðist sem tæknifræðingur frá háskólanum í Stavanger í Noregi árið 1991, en áður hafði hann numið símsmiði.

BRODDI ÞORSTEINSSON hefur verið ráðinn deildarstjóri yfir fjármálum og eignum hjá Milu. Áður var Broddi deildarstjóri yfir



fasteignadeild og starfaði þar áður við fasteignadeild Pósts og síma. Áður en Broddi hóf störf hjá Símanum stóð hann að

rekstri eigin byggingafyrirtækis. Broddi er byggingameistari að mennt og hefur einnig lokið raungrainadeildarprófi og síðar byggingatæknifræði frá Tækniháskóla Íslands.

GUNNAR ÞÓRÓLFSSON er deildarstjóri bifreiðadeildar hjá Milu og hefur



yfirumsjón með bifreiðarekstri Milu. Gunnar hefur lengst af starfað hjá Símanum og gegnt þar ýmsum störfum, svo sem við framkvæmdir á landsbyggðinni, við vöruflytninga á fjarskiptabúnaði og fleira, sem deildarverkstjóri á birgðavörslu og sem þjónustustjóri á bifreiðadeild. Þá tók hann við stöðu forstöðumanns bifreiðareksturs og nú síðast stöðu deildarstjóra bifreiðareksturs Símans. Gunnar er menntaður símsmiðameistari og hefur auk þess sótt mörg stjórnendanámskeið, námskeið í öryggismálum og fleira.

KRISTJÁN HAFSTEINSSON hefur verið ráðinn viðskiptastjóri hjá Milu. Kristján kemur til starfa



hjá Milu frá Símanum, þar sem hann hefur starfað frá árinu 2003. Fyrst starfaði hann á þjónustuverkstæði Símans og fór fljótlega í móttöku. Þá fékk hann stöðu

fyrirtækjaráðgjafa, og nú síðast starfaði hann við lausnaráðgjöf, með áherslu á Centrex, farsímalausnir og rafræna reikninga. Kristján stundaði nám, fyrst við Flensborgarskóla, síðar við lðnskólann í Hafnarfirði og nú síðast við tónlistarskóla FÍH.

Strandhögg víkinga á Bretlandseyjum

Þrjú prósent útflutningsvarnings heimsins koma frá Norðurlöndunum þrátt fyrir að þar búi einungis 0,3 prósent jarðarbúa. Íslensku útrásarvíkingarnir eru ungir, graðir og hungraðir, samkvæmt The Guardian.

Breska stórblaðið The Guardian gerði á dögunum svokallaða víkingainnrás að umfjöllunar efni. Er þar átt við aukna þátttöku norrænna fyrirtækja og kaupsýslumanna á Bretlandsmarkaði.

Bent er á að á Norðurlöndunum búi samtals um tuttugu milljónir manna, eða 0,3 prósent allra jarðarbúa. Þrátt fyrir fámennið séu þrjú prósent alls útflutningsvarnings í veröldinni frá Norðurlöndunum.

Guardian segir að skipta megi víkingainnrásinni gróflega í tvo flokka. Í öðrum flokknum séu stórfyrirtæki á borð við sænska húsgagnarisann IKEA, tísku-keðjuna H&M auk finnska vodkaframleiðandans Absolut. Hins vegar séu það fjármálafyrirtæki og kaupsýslumenn á borð við Kaupþing, Jón Ásgeir Jóhannesson og bræðurnar í Bakkavör.

Fram kemur að einkenni norrænna kaupsýslumanna sé að þeir séu gjarnan ungir og hungraðir. Íslendingarnir Jón Ásgeir Jóhannesson, stjórnarformaður Baugs, og Lýður Guðmundsson, annar stofnenda fjárfestingarisans Exista, séu til að mynda enn ekki orðnir fertugir.

Sérfræðingar Guardian hafa skýringar á velgengni Norðurlandabúa á Bretlandseyjum á reiðum höndum. Bent er á að viðhorf til peninga séu þar allt önnur en á Bretlandseyjum; Norðurlandabúar séu ekki reknir áfram af peningagræðgi heldur einbeittum vilja til að ná árangri.

Þessari fullyrðingu til stuðnings er síðan bent á að Ingvar Kamprad, stofnandi IKEA og einn ríkasti maður veraldar, sé síður en svo efnishyggjumaður; ferðist um með strætisvögnum og hafi átt sama IKEA-stólinn síðan árið 1977.

Loks telja viðmælendur



SAMNINGAR HANDSALAÐIR Fjallað er um innrás Norðurlandabúa á Bretlandsmarkaði í The Guardian. Hér má sjá Sigurð Einarsson, stjórnarformann Kaupþings, handsala samninga um kaup á Singer og Friedlander banka, ásamt Tony Shearer, þáverandi forstjóra Singer og Friedlander.

Guardian að atvinnulöggjöf á Norðurlöndum ýti undir sjálfstæð vinnubrögð og uppbyggileg skoðanaskipti. Erfitt sé að segja starfsmönnum upp að loknum þriggja mánaða reynslutíma, líkt og tíðkast í Bretlandi. Þetta fyrirkomulag leiði til þess að starfsmenn verði tryggir sínu fyrirtæki, þurfi ekki að óttast

starfsmiði fyrir að standa fast á sínu og beri hag fyrirtækisins fyrir brjósti.

„Vikingarnir þurftu alltaf að líta út fyrir landsteinana, það var einfaldlega ekki nægilega mikið rými heima fyrir. Þeir óttuðust mest að deyja úr hárríelli,“ segir Steve Strid, annar útgefenda bókarinnar Viking Man-

ifesto, sem fjallar um viðskiptastrandhögg Norðurlandabúa á Bretlandseyjum.

Strid bætir við: „Þetta snýst allt saman um að hafa kollinn í lagi, dugnað og þor til að taka áhættu. Nútíma víkingarnir vita hvað þeir vilja og eru tilbúnir að gera allt sem í þeirra valdi stendur til að eignast það.“ -jsh

SIGURRÓS JÓNSDÓTTIR hefur verið ráðin verkefnastjóri hjá Sölu og markaði hjá Milu. Sigurrós hefur starfað við



sölu og markaðsmál auk vöru- og lagerstjórnunar hjá heilidsölunni Safalinn ehf. Hún starfaði við bókhald hjá HB Granda í sumarstarfi með skóla. Sigurrós

hefur starfað við danskennslu til margra ára, bæði sjálfstætt og hjá Dansskóla Jóns Péturs og Köru. Hún er menntaður danskennari. Sigurrós mun ljúka BSc-námi í viðskiptafræði frá Háskólanum í Reykjavík í lok árs 2007. Einnig hefur hún lokið námi í markaðs- og útflutningsfræði frá Endurmenntun Háskóla Íslands.

HÖRÐUR ÁGÚSTSSON hefur verið ráðinn til Milu sem viðskiptastjóri/sérfræðingur en hann



hóf störf hjá fyrirtækinu nú í byrjun júlí. Áður en Hörður kom til liðs við Milu starfaði hann sem sölustjóri hjá Hive/IP Fjarskiptum en fyrir þann tíma starfaði hann

hjá Median. Hörður er 27 ára gamall, hann stundaði nám við Háskólann í Reykjavík og útskrifaðist sem viðskiptafræðingur þaðan árið 2003.



STJÓRN KVENN Stofnfundur KVENN, tengslanets uppfinninga- og frumkvöðlakvænna, var haldinn í síðustu viku.

Konur í nýsköpun tengjast böndum

Stofnfundur KVENN, tengslanets uppfinninga- og frumkvöðlakvænna, var haldinn í Perlunni í síðustu viku. Viðstaddir voru konur sem fást við nýsköpun á hinum ýmsu sviðum.

Í fréttatilkyningu frá KVENN segir að tengslanetinu sé ætlað að gera konur sýnilegri á sviði uppfinninga og frumkvöðlastarfsemi. Félagið muni

taka þátt í norrænu og alþjóðlegu samstarfi við að vekja athygli á nýsköpun kvænna. Leitast verði við að vera í samstarfi við hin ýmsu félög, skóla og atvinnulíf, til að ná því markmiði að gera konur sýnilegri og afkastameiri á sviði uppfinninga og í frumkvöðlastarfsemi.

Á fundinum var stjórn félagsins kjörin. Í henni sitja þær

Ágústína Ingvarsdóttir, Dórótea H. Sigurðardóttir, Kolbrún Hjörleifs, María Ragnarsdóttir, Svanborg R. Jónsdóttir og Þuríður Guðmundsdóttir. Elinóra Inga Sigurðardóttir var kjörin formaður KVENN. Hún hefur verið fulltrúi Íslands í norrænu tengslaneti uppfinninga og frumkvöðlakvænna, QUIN, frá árinu 1996.

Novator nær fullum yfirráðum yfir Actavis

Yfir 90 prósent hluthafa Actavis hafa gengið að yfirtökutilboði Novators, fjárfestingarfélags Björgólfs Thors Björgólfssonar.

Novator, fjárfestingarfélag Björgólfs Thors Björgólfssonar, hefur tryggt sér yfir 90 prósent hlutfjár í Actavis. Við þetta myndast söluskylda hjá eftirstandandi hluthöfum. Novator eignast Actavis að fullu og félagið verður í framhaldinu skráð af markaði. Yfirtakan er sú stærsta í Kauphöllinni hér til þessa.

Yfirtökutilboð Actavis hljóðar upp á 1,075 evrur á hvern hlut. Hluthafar sem ekki hafa samþykkt tilboðið hafa frest þar til á morgun til að ganga frá samþykki, öðrum kosti fellur niður réttur þeirra á viðbótargreiðslu komi til þess að Novator selji hlut sinn innan 12 mánaða.

Björgólfur Thor Björgólfsson segir ekkert liggja fyrir um mögulegan samruna við önnur

félög. „En við munum skoða hvað er að gerast á markaðnum hverju sinni og veða og meta okkar stöðu í ljósi þess,“ segir hann. Komið hefur fram að ákvörðun Novators um að taka félagið yfir og skrá af markaði var ekki síst tekin með það að leiðarljósi að létta af félaginu upplýsingaskyldu sem annars kynni að hefta félagið í samningaviðræðum við önnur félög.

Björgólfur segir sölu á fjárfestingum í Austur-Evrópu og yfirtökuna á Actavis nú ekki til marks um miklar breytingar. „Actavis verður áfram stærsta fjárfestingin hjá mér. Við höldum sama stjórnenda-

teymi og við höldum áfram að vinna að því eins vel og við getum að rækta fyrirtækið,“ segir hann og telur breytt eignarhald í raun tæknilega breytingu hvað hann sjálfan varðar. Hann er þó að



BJÖRGÓLFUR THOR BJÖRGÓLFSSON



Á **BLAÐAMANNAFUNDI** Sindri Sindrason tilkynnir um það á blaðamannafundi undir lok síðasta mánaðar að stjórn Actavis styðji yfirtökutilboð Novators. MARKADURINN/ANTON

vonum feginn að nú sjái fyrir endann á yfirtökuferlinu. „Gott er að vera búinn með þetta til að geta einbeitt sér að sókninni,“ segir hann, en þakkar um leið hluthöfum í Actavis samferðina og bendir á að verðmæti Actavis

hafi 28-faldast frá árinu 1999.

Gangurinn í yfirtökunni segir Björgólfur að hafi verið eins og við var að búast þótt seinagangur hafi verið í kerfinu við að ná til baka áskriftum. „Þetta er langfjölmennasta hlutafélag sem

verið er að taka af markaði og á lokadegi sprakk kerfið, þannig að ekki hafðist undan við að taka við. Við þurftum því að lengja tilboðið, en annars hefur þetta verið eins og við hefðum kosið og við sáttt við ferlið.“ - ÓKÁ

512 5100 | SYN.IS | VERSLANIR VODAFONE

actavis Klæðning ehf.

Í KVÖLD KL. 19:45
FH - HB

**FORKEPPNI
MEISTARADEILDAR
EVROPU**

SYN
besta sætið

GOTT FOLK McCANN

Úr íslenskum banka í alþjóðlegan

Fyrirtækjaráðgjöf Landsbankans átti á dögnum frumkvæði að kaupum nokkurra bandarískra fjárfestingarsjóða á breska fyrirtækinu Channel Islands Traders. Heildarfjármögnun vegna fyrirtækisins nam um 49 milljörðum íslenskra króna og er því ljóst að um er að ræða eitt stærsta verkefni af þessum toga sem íslenskt félag hefur ráðist í. **Bjarni Þórður Bjarnason**, forstöðumaður fyrirtækjaráðgjafar Landsbankans, segir bankann veita alhliða þjónustu á sviði fjárfestingarbanka- og lánastarfsemi. Þjónustu sem áður var einungis á færi alþjóðlegra risabanka. *Jón Skaftason* ræddi við Bjarna Þórð.

Channel Island Traders rekur matvörukeðjur, skemmtistaði, næturklúbba og hótél á Ermarsundseyjunum Guernsey og Jersey, auk þess að stunda inn- og útflutning á ýmsum varningi tengdum rekstrinum. Fyrirtækið er stærsti vinnuveitandi á Ermarsundseyjum, með um þrjú þúsund og þrjú hundruð starfsmenn í vinnu.

Fyrirtækjaráðgjöf Landsbankans átti á dögnum frumkvæði að því að Channel Islands Traders var keypt af fjárfestingarsjóðunum Duke Street Capital, Europa Capital og Uberior Investment. Landsbankinn kom að verkefninu frá upphafi, kom auga á kauptækifærið, fann kaupendur, og nýtt stjórnendateymi. Heildarfjármögnun vegna verkefnisins nemur fjögur hundruð milljónum punda, eða tæpum 49 milljörðum íslenskra króna. Því er ljóst að um er að ræða eitt stærsta verkefni af þessum toga sem íslenskt fyrirtæki hefur haft milligöngu um. Velta Channel Islands Traders nam á síðasta viðskiptaári rúmlega fjörutíu milljörðum íslenskra króna.

Bjarni Þórður Bjarnason, forstöðumaður fyrirtækjaráðgjafar Landsbankans, tók við starfinu árið 2003 og var í hópi starfsmanna gamla Búnaðarbankans sem fylgdu Sigurjóni Árnasyni, bankastjóra, yfir til Landsbankans. Þegar Bjarni Þórður tók til starfa voru átta starfsmenn á sviðinu, og allir búsettir hér á landi.

Nú fimm árum síðar eru starfsmennirnir sjötíu og fimm talsins í tíu löndum. Stærstur hluti starfsmennar fer fram hér á Íslandi og í starfsstöðvum Landsbankans í London. Bjarni Þórður er á stöðugum þönum milli starfsstöðva, en segist þó skipta tíma sínum til helminga milli skrifstofunnar í Hafnarstrætinu og starfsstöðvanna erlendis. Auk Íslands og Bretlands eru skrifstofur fyrirtækjaráðgjafar Landsbankans á Írlandi, í Þýskalandi, Frakklandi, Sviss, Hollandi, Færeyjum, Noregi og Kanada.

TÓK ÁTJÁN MÁNUÐI

Bjarni Þórður segir Landsbankann geta veitt viðskiptavinum



BJARNI ÞÓRÐUR BJARNASON FORSTÖÐUMAÐUR FYRIRTÆKJARÁÐGJAFAR LANDSBANKANS Viðskiptamenningin á Íslandi á stóran þátt í hröðum framgangi íslensks viðskiptalífs að mati Bjarna Þórðar. „Hér eru allir jafnir. Íslendingar taka einfaldlega upp símann og hringja í hvern sem er. Það er engin stéttaskipting, ef einhver fær góða hugmynd hringir sá hinn sami bara beint í framkvæmdastjórnann eða stjórnarformanninn.“

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

sínum alhliða þjónustu, allt frá aðstoð við kaup eða sölu á fyrirtækjum, til fjármögnunar, útgáfu hlutafjár, skráningar á markað, fyrirtækjagreiningar og viðskipta með hlutabréf. Stóru alþjóðlegu bankarnir; til að mynda Citibank, Deutsche Bank og ABN Amro, hafi hingað til nánast einir veitt slíka alhliða þjónustu og þá einungis til risafyrirtækja á borð

við Merck, BP og Shell. „Önnur fyrirtæki hafa þurft að leita hingað og þangað eftir þjónustunni. Við bjóðum millistórum fyrirtækjum þjónustu, sem hingað til hefur ekki hægt að sækja á einn stað.“

Bjarni Þórður segir að menn hafi fljótlega áttað sig á því að markaður var fyrir slíka alhliða þjónustu á Bretlandi. „Við höfum þannig fært þessa þjónustu inn á starfsstöðvar okkar í öðrum löndum. Með því að hafa skrifstofur um alla Evrópu getum við boðið viðskiptavinum okkar stærra markaðssvæði og fleiri kosti.“

Samningarnir um Channel Islands Traders eru gott dæmi um hvernig þessi alhliða þjónusta virkar að mati Bjarna.

Bjarni Þórður segir fyrirtækjaráðgjöfina eitt þriggja sviða sem Landsbankinn hefur lagt mesta áherslu á að byggja upp undanfarin ár, auk fyrirtækjasviðs og miðlunar. „Við erum komnir inn í Bretland og til meginlands Evrópu. Við getum boðið upp á þjónustu um alla Evrópu og að hluta til í Bandaríkjunum.“

Fyrirtækjaráðgjöf Landsbankans hefur áður komið að stórkaupum. Landsbankinn kom að kaupum á Meridien í Kanada, aðstoðaði Marel við kaupin á Skanvægt í Danmörku, auk þess að veita ráðgjöf við Kaup Baugs á Iceland-verslanakeðjunni í Bretlandi á sínum tíma.

SMÆÐIN OG STUTTAR BODLEIÐIR

Viðskiptalífið á Íslandi hefur tekið stakkaskiptum á undanförunum árum og ekki síst bankarnir, sem hafa margfaldast að stærð og virði. Bjarni segir fyrirtækjaráðgjöfina hafa tekist á flug við að aðstoða íslensku útrásarfyrirtækin í landvinningum erlendis. „Ef íslensk fyrirtæki ætla sér að vaxa verða þau að leita út fyrir landsteinana. Við áttuðum okkur fljótlega á því að sú þjónusta sem við vorum að veita íslensku fyrirtækjunum úti var í raun og veru einstök.“

Eftirspurn eftir þjónustu fyrirtækjaráðgjafar Landsbankans erlendis jókst hratt í kjölfarið. „Stuttar samskiptaleiðir heilla viðskiptavini okkar. Hér er leiðin greið að bankastjórnunum og lánanefndir eru snöggar að afgreiða erindi.“

Bjarni Þórður telur að viðskiptamenningin á Íslandi eigi stóran þátt í þeirri sprengingu sem orðið hefur í íslensku viðskiptalífi á undanförunum árum. Hugarfarið sé fremur á þá leið að leysa vandamálin, þegar og ef þau koma upp. „Íslendingar taka einfaldlega upp símann og hringja í hvern sem er. Það er engin stéttaskipting, ef einhver fær góða hugmynd hringir sá hinn sami bara beint í framkvæmdastjórnann eða stjórnarformanninn.“

Smæðin er jafnframt mikill kostur í viðskiptum að mati Bjarna Þórðar. Hér á landi sé til að mynda löng hefð fyrir því að munnlega samninga beri að virða. „Ef þú lofar einhverju, þá verða menn að standa við það og gera eins og lagt var upp með í upphafi.“

Bjarni Þórður segir að áhersla Landsbankans verði áfram á öfluga uppbyggingu í Evrópu, en samhliða því verði starfsemi styrkt á Norðurlöndunum og í Bandaríkjunum. „Við stefnum að því að opna í Asíu. Þar eru alveg klárlega vaxtarmöguleikar. Þau viðskipti munu samt áfram byggjast á samskiptum við evrópsk fyrirtæki. Fókussinn hjá okkur verður eftir sem áður á Evrópu, Bandaríkjunum og Skandinavíu.“

Miklar breytingar hafa orðið á þeim fimm árum sem Bjarni Þórður hefur starfað hjá Landsbankanum. Starfsemi bankans hefur tífaldast að umfangi frá árinu 2002 og bankinn breyst úr íslenskum banka í alþjóðlegan. „Þetta gerir það að verkum að við getum tekist á við fleiri og stærri verkefni en áður. Stærðinni fylgir aukinn sýnileiki sem leiðir til þess að við fáum fleiri spennandi verkefni. Að mínu mati er því hinn raunverulegi vöxtur Landsbankans rétt að byrja,“ segir Bjarni Þórður Bjarnason.

Auglýsingasími

512
5050



– Mest lesið

Þú ferð ríkari héðan!

Engin býður meiri gæði
á lægra verði –
kynntu þér málið.



SUMAROPNUN: Virka daga frá kl. 11-19, fimmtudaga frá kl. 11-21, laugardaga frá kl. 11-18 og sunnudaga frá kl. 13-18

SETTU ÞAÐ SAMAN **HTH**



202.048,-

Hvít háglans/4000

ORMSSON LÁN: Mánaðarleg jöfn afborgun í 48 mánuði: Kr. 5.858,-

**NÝTT
2007**

GLÆSILEGAR INNRETTINGAR Á VÆGU VERÐI



Frítt teikniforrit á www.gds-hth.dk
og þú hannar þitt draumaeldhúsið
auðveldlega.

SMÁRALIND · Sími 530 2907 / 530 2908

ÞEGAR VANDA SKAL VALIÐ HLYTUR **SAMSUNG** AÐ KOMA UPP Í HUGANN

Innbyggður stafrænn
DVB-T sjónvarpsmóttakari
Upplausn: 1366 x 768
Skjáform: 16:9 (breiðtjald)
Svartími: 8 millisekúndur
Contrast: 7000:1
Birta: 500 cd/m²
Sjónsvið: 178°/178°
HDMI x 2, Component,
SCART x 2,
PC (D-sub) og S-video

LCD

Samsung LE26S86BDX
26" LCD sjónvarpstæki
Verð: 99.900,-
Samsung LE32S86BDX
32" LCD sjónvarpstæki
Verð: 119.900,-
Samsung LE37S86BDX
37" LCD sjónvarpstæki
Verð: 179.900,-
Samsung LE40S86BDX
40" LCD sjónvarpstæki
Verð: 199.900,-



PLASMA

Innbyggður stafrænn
DVB-T sjónvarpsmóttakari
Upplausn: 1024 x 768 (42")
1366 x 768 (50")
Skjáform: 16:9 (breiðtjald)
Contrast: 15000:1
HDMI x 3, Component,
SCART x 2,
PC (D-sub) og S-video
Samsung PS42Q96BDX
42" Plasma sjónvarpstæki
Verð: 239.900,-
Samsung PS50Q96BDX
50" Plasma sjónvarpstæki
Verð: 319.900,-



ORMSSON

Lokað
á laugardögum

ÁRVIRKINN, SELFOSSI · Sími 480 1160

ORMSSON

Lokað
á laugardögum

AKUREYRI · Sími 461 5003



HTH gæðin kosta minna ef þú setur það saman ...

Af hverju að borga meira?

HTH er leiðandi í framleiðslu innréttinga á Norðurlöndum og býður besta
verð sem völ er á fyrir þá sem vilja sjálfir taka þátt í uppsetningu á eigin
eldhúsi. Gerðu verðsamanburð og þú munt komast að því að Settu það saman
línán frá HTH kostar minna en sambærilegar innréttingar á markaðinum.

Vönduð framleiðsla og þitt öryggi.

HTH er viðurkennt og þekkt víða um heim fyrir framúrskarandi framleiðslu.
Þú getur treyst því að reynsla og metnaður HTH skilar sér beint í ódýru línuna
– ætluð þeim sem vilja mikið fyrir lítið. Vandaður frágangur og smekklegt úrval
fylgihluta eru helstu einkenni Settu það saman línunnar frá HTH.

Einfalt og þægilegt.

Fagleg útsjónarsemi og markviss hönnun fagmanna HTH er lykillinn að
þessum glæsilegu innréttingum. Settu það saman er kerfi sem auðvelt er að
raða saman og fella að hvaða plássi sem er – og að þeim kröfum sem gerðar
eru til geymslurýmis í eldhúsinu.

Stíllinn og áferðin skipta sköpum.

Í Settu það saman kerfinu eru 11 mismunandi litir, áferðir og efni á skúffum
og skápahurðum einnig er mikið úrval af höldum. Gegnheilar hillur úr beyki og
mahogni bjóða upp á skemmtilega möguleika – einfalt, stílhreint og
nú tímalegt.

**Líttu inn og sjáðu með eigin augum úrvalið af fallegum
innréttingum sem þú getur auðveldlega sett saman.**



AEG ELDHÚSPAKKINN

AEG Competence
Ofn og helluborð
B-4101-4-M (ofn)
6000K-MN (helluborð)

**EINSTAKT
TILBOÐSVERÐ:
99.900 kr.**



AEG
FULLKOMIN LÖGUN OG LEIKNI

AEG uppbyggð
50862U-W hvít
Íslenskt stjórnborð
5 kerfi · Mjög hljóðlát

**EINSTAKT
TILBOÐSVERÐ:
69.900 kr.**



AEG
FULLKOMIN LÖGUN OG LEIKNI

AEG þvottavél
LAVAMAT 64810
Íslenskt stjórnborð
6 kg · 1400 sn/mín

**EINSTAKT
TILBOÐSVERÐ:
79.900 kr.**

Nú er rétti tíminn fyrir þig
að gera góð kaup á ÚRVALS merkjum.
Gríptu tækifærið!

Velkomin í óvenjulega verslun!

ORMSSON

SMÁRALIND · Sími 530 2900

www.ormsson.is

BANKHÓLFID



Beckham borgar sig

Öldungadeild bandaríska þingsins setti á dögunum fimmtíu milljónir Bandaríkjadala, um þrjá milljarða íslenskra króna, til höfuðs hryðjuverka-leiðtoganum Osama bin Laden. Sjónvarpsstjarnan Jay Leno sagði af þessu tilefni „Mér brá í brún þegar ég heyrði af verðlaunafénu, síðan hugsaði ég mig betur um. Osama bin Laden er virði eins og fimmta hluta af David Beckham.“ Forráðamenn LA Galaxy, hins nýja bandaríska liðs Beckham, gráta þó ekki. Félagið seldi 250 þúsund Beckham-treyjur á tveimur fyrstu dögum leikmannsins hjá félaginu og áætla að þegar allt verður talið muni koma Beckhams skila því um sextíu milljörðum íslenskra króna í kassann.

Fátt er svo með öllu illt

Fjármálaeftirlitið hefur opnað sérstakar upplýsingasiður á vefsvæði sínu, www.fme.is, þar sem fjallað er um innleiðingu á tilskipun um markaði með fjármálagerninga, svokallaða MiFID tilskipun sem innleidd verður 1. nóvember næstkomandi. Tilskipunin hefur nokkrar breytingar í för með sér þar sem leyfisskyld starfsemi fjármálafyrirtækja er útvíkkuð miðað við það sem nú er og þeim fyrirtækjum sem sækja þurfa um starfsleyfi til Fjármálaeftirlitsins fjölgar. Mætti því segja að flækjustigið aukist sem því nemur, en á móti kemur að í víkun á gildissviði tilskipunarinnar kemur svokallaður „Evrópupassi“ fjármálafyrirtækja til með að gilda víðar. Ef til vill felast þá í því sóknarfæri fyrir fjármálafyrirtæki að þeim verður samkvæmt tilskipuninni í auknum mæli heimilt að veita þjónustu á Evrópska efnahagssvæðinu, utan heimalandsins, á grundvelli starfsleyfis að heiman.

Sameining í Færeyjum

Vinnuvitan hefur keypt Víkublaðið í Færeyjum að því er Útvarpið í Færeyjum, Kringvarp Føroya, greindi frá í gær. Við þetta munu þrír risar vera um slaginn á færeyskum blaðamarkaði. Ástæða þess að Víkublaðið var selt er sögð að gott verð hafi fengist fyrir blaðið.

Kringvarpið segir niðurstöðuna hins vegar þá að sameinað útgáfufélag sé á stærð við stóru dagblöðin tvö, Dimmalætting og Sosialinn. Vinnuvitan og Víkublaðið eiga þó eftir sem áður að halda áfram göngu sinni, hvort með sína ritstjórn, og koma út einu sinni í viku. Styrkja á netútgáfu beggja blaða.

3,8% tólf mánaða verðbólga í júlí eftir 0,22 prósentu hækkun vísitölu neysluverðs.


90% hluthafa í Actavis hafa samþykkt yfirtökutilboð Novators í Actavis upp á 1,075 evrur á hlut.

11% aukning í veltu smávöruverslunar á milli ára í júnímánuði, þvert á spár.

Viltu espresso?

selecta S: 5 85 85 85

Gott kaffi - kalt vatn - svalir drykkir fyrir vinnustaðinn



Fljúgum hærra !



SPRON Verðbréf
Peningamarkaðssjóður SPRON
15,3% ávöxtun*

75 ára | **spron**
VERÐBRÉF

Vegmúla 2 – 108 Reykjavík – 550 1310 – verdbref@spron.is – www.spronverdbref.is

*Nafnvöxtun miðast við 31. ágúst 2006 til 31. maí 2007, uppreiknað á ársgrundvelli. Peningamarkaðssjóður SPRON er fjárfestingarsjóður skv. lögum nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Rekstrarfélag sjóðsins er Rekstrarfélag SPRON. Útboðslýsinga má nálgast á heimasíðu SPRON Verðbréfa, www.spronverdbref.is.